

ÍSALP


Heim
8/16-2000



ÁRSRÍÐ ÍSLENSKA ALPAKLUBBSINS 1991

Hvalgi

898-1755



Grafarfoss. Ljós. Jón Þorgrímsson



Ísfoss í Hvalfirði. Ljós. Hallgrímur Magnússon



Síðasta spönnin í Þilinn í Eilífsdal. Ljós. Páll Sveinsson

Efnisyfirlit:

Neyðin kennir naktri konu ...	5
Ferð á Snæfellsjökul	7
Viðtal við Helga Ben.	9
Tjaldíð í Eilífsdal	17
Að vera rétt útbúinn	20
Minning	23
Tækjahornið	24
Brótt í Eilífsdal	31
Fréttapistill	33
Svipmyndir úr klifurkeppni	41
Félagsstarf	42
Ársskýrsla	45
Ársreikningur	46

Forsíðumynd:

Árni Gunnar Reynisson

Útgefandi:

Íslenski Alpaklúbburinn — Félag
íslenskra áhugamanna um fjallamennsku.
Pósthólf 1054, Reykjavík

Ritnefnd:

Salbjörg Óskarsdóttir, ábm. (25069)
Björn Vilhjálmsson (53410)
Guðjón Snær Steindórsson (656847)
Torfi Hjaltason (667094)
Stefán S. Smárason (32139)
Tölvuumbrot: Torfi og Salbjörg
Prófarkalestur: Magnús T. Guðmundsson

Prentun:

Svansprent



ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS

7. TÖLUBLAÐ
DESEMBER 1991

Ágætu félagar

Loksins er ársritið '91 komið út og þótti öllum tími til kominn. Nokkrar ástæður liggja að baki seinkuninni, ein þeirra er að þetta er í fyrsta skipti sem að engin leiðarvísir er í blaðinu og af því leiðir að það er mikið pláss sem nú þurfti að fylla með öðru efni. Önnur ástæða og sú sem þyngst vóg er að lengi þurfti að bíða eftir að greinar bærust til ritnefndarinnar. Þriðja ástæðan er sú að tiltölulega fáir hafa tíma, telja sig hæfa og/eða hafa áhuga á skrifum; en það skrifar sig hvorki sjálft né verður alfarið skrifað af ritnefndinni. Við verðum að hafa hugfast að ársritið getur ekki þrífist nema fólkið í klúbbnum, þ.e.a.s. við, höfum nógu mikinn áhuga á því.

Fjallamennska og klifur eru áhugamál sem hafa mikil áhrif, bæði líkamlega og þá sérstaklega andlega, á þann sem það stundar. Þessi áhrif hafa í gegnum tíðina skilað sér í meiri skrifum og auðugri bókmenntum en flest önnur áhugasvið. Það er vegna þess að fjallamennskan er ekki aðeins ferðalag um landslagið í náttúrunni heldur einnig um okkar eigið innra landslag.

Því er ég að minnst á þetta hér að mér finnst við oft hafa gert ytri ferðinni þökkaleg skil í ársritinu, en sjaldnar þessum innri ferðum sem við förum í þegar við glímum við óttann og efasemdirnar, gleðina og fullnægjuna sem tengist fjallamenskunni. Margar af perlum fjallabókmenntanna fjall einmitt um þessa hlið fjallareynslunnar. Þess vegna auglýsi ég eftir efni frá öllum sem geta og vilja skrifa um þessar vanræktu en hugsanlega þroskavænlegustu hliðar áhugamáls okkar.

Nú lengir daginn óðum og þeir sem voru búnir að taka fram vetrarútbúnaðinn en ekki farnir að nota hann, geta sett hann aftur inn í geymslu því veturinn leið hjá í nær samfelldum rigningsudda. Í staðinn má fara að gera klárt fyrir sumarið og biðja til æðri máttarvalda um sólarsumar eins og í fyrra.

Með fjallakveðju
B.V.

Stjórn Ísalp 1991:

Formaður: Björn Vilhjálmsson (53410)
Varaform.: Páll Sveinsson (689048)
Gjaldkeri: Haraldur Örn Ólafsson (612719)
Ritari: Árni Gunnar Reynisson (44217)
Meðstj. Guttormur B. Þórarinnsson (22712)
Magnús Guðlaugsson (688038)
Torfi Hjaltason (667094)

Skálanefnd:

Guttormur B. Þórarinnsson, skálastj. (22712)
Torfi Hjaltason

Ferða- og fundanefnd:

Anna Lára Friðriksdóttir (667094)
Árni Tryggvason
Björn Baldursson (36854)
Linda Björk Þórðardóttir (36691)
Sigursteinn Baldursson

Uppstillinganefnd:

Haraldur Örn Ólafsson, form.
Jón Þorgrímsson (71150)
Árni Tryggvason (619469)

Fræðslunefnd:

Torfi Hjaltason, form.
Snævarr Guðmundsson (688412)

Umhverfisnefnd:

Einar Torfi Finnsson (45079)
Ingimundur Stefánsson (72160)

Húsnefnd:

Árni G. Reynisson, form. (44217)
Guðjón Snær Steindórsson (15047)
Sigursteinn Baldursson (36854)

Fjallamenn og annað ferðafólk !



gangið í Ferðafélag Íslands félag allra landsmanna

Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi í Ferðafélaginu. Árgjaldið er 1992 er kr. 3.000 og er Árbók innifalin. Félagar, makar þeirra og börn, fá lægra fargjald í helgar- og sumarleyfisferðir og lægra gistigjald í sæluhúsum félagsins. Fréttabréf kemur út fimm sinnum á ári.

Árbækur Ferðafélagsins eru ein vandaðasta Íslandslýsing sem völ er á.

Í ár er þriðja Norðurlandsbókin en að ári Austur-Skaftafellssýsla.

Bækurnar fjalla jafnt um fjallasvæði sem lægri slóðir.

Ferðafélag Íslands
Mörkinni 6 (austast v/Suðurlandsbraut)
108 Reykjavík
sími : 682 533 fax : 682 535

Neyðin kennir naktri konu að spinna

eftir Árna Alfreðsson

Að Fjallabaki í febrúar '89. *Ljósmynd Árni Alfreðsson*

Þegar hér er komið sögu erum við þremmenningar að ljúka Suðurjöklaþring, erum staddir sunnan í gígskál Eyjafjallajökuls og skolið er á suðaustan illviðri. Í hliðarhallanum kútveltast þoturnar og er það ótrúlegt hvað álkjálkarnir þola mikla vindingu. Tjaldið og fleira lauslegt er fokið út í buskann en hverjum er ekki sama, það eina sem skiptir máli er að komast í skjól. Þegar komið er vestur fyrir Guðnastein (Eyfellinga) og halla tekur vesturaf hefst allskrautleg skíðaferð. Bundnir saman í línu rennum við af stað líkt og lestarvagnar. Lestarstjórinn, Gústi, er í fararbroddi og tekur einu mögulegu stefnuna, beint undan vindi. Við sem á eftir komum, erum með skinn undir skíðum en þó plótgætni sé beitt til hins ýtrasta, eykst ferðin jafnt og þétt. Þrátt fyrir neyðaróp mín um að stoppa, næst hvorki samband við Óla né lestarstjórnann sem reyndar er hættur að sjást vegna veðurs. Í órvæntingu ákveð ég að nota neyðarhemilinn og hlamma mér á rassgatið. En allt kemur fyrir ekki. Lestin heldur áfram á fullri ferð meðan ég plægi harðfennið ýmist með nefinu eða á bakinu. Nokkur hundruð metrum síðar, taka þeir félagar eftir að þeir eru með eitthvað þungt í eftirdragi. Ekkert bein brotið og ferðin heldur áfram með svipuðu sniði, ýmist dettur einn eða allir í einu. Það er ekki fyrir en kjálkarnir mínir (þ.e.a.s. á þotunni) brotna í spón í

einni byltunni að þessari vitleysu er hætt. Við förum úr línunni og byrjum að grafa okkur niður. En jökullinn er harður af sér. Eftir hálf tíma gröft með ísöxum er holan orðin ökkkladjúp. Það er því ekki um annað að ræða en halda áfram og nú fótgangandi. Veðurhamurinn er orðinn enn meiri og í verstu hviðunum þeytast þoturnar á loft og við með. Í lendingu er öskrað af lífs og sálar kröftum til að verða ekki viðskila. Við hljótum að vera orðnir sljóir, engum dettur í hug að fara í línuna aftur heldur eigrum við bara undan veðri. Vandamál kemur upp. Einhver flækja herðir að hálsi Óla. Mér er falið að athuga og leysa vandamálið. Einhverjir illkvítnir bandspottar hafa vafist um fiberloftnet talstöðvarinnar sem stendur langt upp úr bakpokanum. En ég er orðinn þreyttur og kaldur og heilabúið er farið að dofna. Ég hef hvorki þrek né gáfur til að leysa flækjur né hnúta. Vandamálið virðist tröllaukið. En koma tímar og koma ráð. Það sem uppúr stendur af loftnetinu er einfaldlega brotið af og fleygt en það sem eftir stendur er að vandamálið er úr sögunni. Gústi og Óli hína eins og hross með rokið í rassinn og taka ekkert eftir þessum vafasömu aðgerðum.

Síðla dags er komið af jökli og niður í gil. Í gilinu er gríðarlegt kóf. Skyndilega hverfur Gústi fram af

hengju og Óli á eftir. Eitthvað hugsa ég um ill örlög þeirra félaga. Slíkt reynist þó ástæðulaust því eftir dálitla stund heyrir kallað tveimur metrum neðar: „Ertu ekki að koma?“ Hengjan er ekki annað en lítill skafi, þó nógu stór fyrir holu til að hírast í. Eftir smá mokstur treð ég mér innst í holuna og ofan í svefnpoka. Hinir koma á eftir. Þegar hlýna tekur og heilabúið tekur að starfa betur minnst ég þess ekki að hafa kastað af mér vatni allan daginn. Mjög þröngt er þarna í holunni og nánast ómögulegt að hreyfa sig, hvað þá að komast úr pokanum. Ágerist þessi hugsun og um leið löngunin til að losa blöðruna. Eftir nokkur heilabrot er hitabrúsin (Thermos) látinn hverfa ofan í svefnpokann (nýr Redline). Helsta hættan er að brúsin yfirfyllist en allt gengur að óskum. Þvílíkur léttir! Allt fer þetta fram án vitundar hinna sem eru uppteknir við að koma þrímus í gang. Mér er hugsað til þess hve heimsins gæðum er misskipt. Ég luma á fullum brúsa af volgum vökva meðan hinir berjast við að kveikja eld með blautum eldspýtum og loppnum fingrum til þess að svala þorsta sínum. Eðlilega skýtur þeirri hugmynd upp kollinum að bjóða þeim félögum sopa af volgum vítamínríkum drykk.

Þegar allir eru orðnir mettir af áti og drykkju taka þeir félagar talstöðina upp og sjá sér til undrunar að loftnetið hefur styst til muna. Ekkert samband næst við byggð. Úti í horni húkir þögull maður með slæma samvisku.

Þegar ég dreg upp augnlokin um morguninn hefur holan sigið ískyggilega mikið saman og ég er eins og steypur í mót. Ofan á þetta bætist að mér er aftur orðið mál. En núna er enginn tími fyrir brúsabroð. Við þurfum út og það hið snarasta. Úti er komið prýðisveður en heldur bregður okkur í brún. Litli skaflinn okkar er orðinn að geysihárri hengju (10-15 m). Það er engu líkara en allur lausasnjór jökulsins sé kominn þarna niður í gilið. Skömmu síðar höldum við af stað upp úr Illagilinu og niður að Stórumörk þar sem amma tekur á móti okkur með kleinum og kakói. Þar með var á enda ferð sem hafði hafist fjórum dögum fyrr að Fljótsdal rétt hinum megin Markarfljóts.

Ferð þessi var farin um páska 1983. Þátttakendur í ferðinni voru, auk Árna: Ágúst Guðmundsson og Ólafur Baldursson.



Á Hofsjökli 1990: Hilmar Már Aðalsteinsson og Karl Ingólfsson. *Ljósmynd Árni Alfreðsson*

Snæfellsjökull

eftir Árna Birgisson

Það var föstudagskvöldið 23. febrúar að sautján manna hópur lagði af stað á vit orku Snæfellsness og þá með Snæfellsjökul í huga. Til að byrja með kom hópurinn sér fyrir í félagsskóla Staðarsveitunga að Lýsuhóli.

Á laugardagsmorgninum um hálfellefu lagði svo meginhluti hópsins upp frá Stapafelli, þrír gangandi og tíu á skíðum. Fjögur úr hópnum höfðu ákveðið að taka morgninum ögn rólegar. Það kom ósjálfrátt í hlut Stefáns að troða. Gekk það mjög vel og að sumra mati of vel. Vildu mann þar einkum um kenna „vasadiskói“ Stefáns er virtist innihalda einkar gönguhvetjandi tónlist. Það voru sér í lagi göngumennirnir þrír sem höfðu orð á þessum hraða en skiljanlega sóttist þeim ferðin mun hægar en skíðamönnunum. Eftir fáeinar „pásur“ náðu menn tindinum sem þegar var þakinn vélsleðamönnum og TF-SIF sveif yfir, í þeim erindagjörðum að skipta um rafhlöður í endurvarpa. Veður var einkar gott, sólskin og blíða og er upp var komið nutu menn árangurs erfiðisins og var útsýnið myndað í bak og fyrir. Dálíttill ágreiningur kom upp milli ferðamanna um það hvort Grundarfjörður væri þar sem Rif er og Rif þar sem Grundarfjörður er. En að lokum komust menn að þeirri niðurstöðu að byggðarlögin væru trúlega bæði á réttum stað. Á niðurleiðinni mættum við fjórmanningunum sem voru þá á uppleið. Þegar niður kom geystust tveir úr hópnum af stað á Villis-bifreið sinni. Við vorum þó ekki lengi að ná þeim þar sem við fundum þá utan vegar, á toppnum. Þeir höfðu sem sagt farið á tvo toppa sama daginn (ekki léleg afköst það). Þetta fór betur en á horfðist og slasaðist enginn nema þá bíllinn sem þó var í ökufæru ástandi.

Um kvöldið, eftir snæðing, brugðu menn sér í „heita“ pottinn og þeir allra hörðustu stungu sér til sunds í jökulkaldri lauginni. Þegar allir höfðu náð úr sér hrollinum, var skemmt sér yfir ýmsum samkvæmisleikjum og spilum svo sem sokka-

knattspyrnu, „Pictionary“, látbragðsleik, morðingja og fleirum.


Á sunnudeginum, um hádegi, renndi svo hópurinn inn í Eyjahrepp og að stuðlum þeim er kenndir eru við Gerðuberg. Þar fengu menn mismikla útrás fyrir klifurþörf sína. Það er nú ekki á hverju ári sem menn klifra í stuttermabolum í febrúar. En eitt átti hópurinn þó sameiginlegt á þeim stað og það var að njóta góða veðursins sem var síst verra en deginum áður. Það var svo glaður hópur sem hélt heim eftir ánægjulega helgi.



Á leið upp Snæfellsjökul með Breiðuvík í baksýn. *Ljós. Jón Þorgrímsson.*

LÁTUM LANDIÐ Í FRÍÐI

Hendum ekki sígarettustubbum
eða flöskubrotum á víðavangi.



Viðtal við Helga Benediktsson



Snævarn Guðmundsson og Torfi Hjaltason tóku saman

Fallegir tindar á Indlandi. *Ljósmynd Helgi Benediktsson.*

Helgi Benediktsson ætti að vera öllum íslenskum kunnur enda búinn að stunda fjallamennsku í um 20 ár. Helgi átti ríkan þátt í stofnun Ísalp fyrir 15 árum og var einn þeirra fyrstu sem stunduðu fjallamennsku með það í huga að klífa hærri fjöll og erfiðari leiðir en þá tíðkaðist. Sú bylgja af áhugamönnum sem á eftir fylgdi hefur verið skrásett á síðum ársrits Ísalp en okkur fannst vera full ástæða til þess að kynna félögum okkar upphafshennar og rætur. Þess vegna litum við til Helga nú í vetur og báðum hann að rifja upp fyrir okkur sitthvað frá fyrri tíð.

Helgi: Ég veit ekki hvenær maður á að byrja að telja það. Ég byrjaði í skátunum á að síga svona þrettán til fjórtán ára. Í fjallamennsku byrjaði maður kannski fimmtán ára, 1972, en fór þá með Ferðafélaginu á Öræfajökul. Það var flogið á Fagurhólsmýri því það var ekki kominn vegur. Það var gíst upp í brekkum, tjaldstæðið var ekki komið niðri á aurum. Ég lét tilleiðast að ganga með þeim upp á jökul þótt ég hefði orðið veikur. Ég hresstist svo auðvitað við það og gekk áfram með þeim upp. En við komumst ekki alla leið upp það var sprungið alveg þversum upp við hnjúkinn sjálfan. En síðan hafa aðstæður breyst þarna.

Upphafið

Þarna var ég búinn að fá áhugann á fjallamennskunni og var með línu með mér og allar græjur og seig niður með Hundafossi og þótti ekki óbrjáláður. Þetta var Ellingsen-lína, þessar gömlu og grófu, rauðar á litinn. Maður varð slæmur í höndunum undan þeim. Þær voru loðnar og tóku allt í sig, gras og sand og drullu.

Þar áður var ég búinn að vera tvö ár í skátunum og fórum við þá yfirleitt hverja helgi á puttunum upp á Hellisheiði og gengum yfir í skála og héldum þar til um helgina. En gerðum þar lítið, fórum að vísu stundum upp á Hengil. Þá var farið á alls kyns æfintýraferðir; sofið í hellum, sigið í klettum o.fl. Það var stundum farið til Þingvalla en enginn vissi almennilega út á hvað klifur gekk. Það bara þróaðist einhvern veginn. Maður las sér mikið til í bókum. Uppáhaldsbókin var Ice, Snow and Rock og að sjálfsögðu Moutaineering eftir Alan Blackshaw. Ég á þær ennþá, búinn að fletta þeim fram og aftur. En það var engin starfsemi í þessa veru hér heima.

En í hjálparsveitina fór ég 1974 og var þá sendur á námskeið ásamt fleirum. Við fórum þá til Austurríkis og til Sviss á námskeið og ferðuðumst um Alpana, um

Berner Oberland, Zermatt-svæðið og Östtal Alpna, en þar var fórum við á fyrsta námskeiðið. Þarna sáum við nýjar hliðar á sportinu og nýjan útbúnað. Fjallamennska sem slík hafði þá ekki verið stunduð að ráði hér heima. Útivistin sat í fyrirrúmi. Hér gekk þetta út á að fara í gönguferðir, inn Marardalinn, í einhvern helli o.þ.h. Fjallamennskan í þá daga var aðallega fólgin í því að síga, það var spennandi og krafðist útbúnaðar. Eitthvað var farið í skriðjökla og í Esjuna og Skarðsheiði að vetrarlagi. En það var ekki til að klifra, bara að komast upp.

Ég var búinn að ferðast lengi með Ferðafélaginu áður en ég fór í skátana. Fór einhvern tíma yfir Esjuna að endilöngu og niður Kistufell og líka á Tindfjallajökul úr Hungursfit. Auðvitað kveikti þetta í mér. Hinir höfðu svipaða reynslu að baki. Þó voru til einhverjir karlar sem voru í þessu en starfsemi Fjallamanna var þá hætt. Ég man eftir að Magnús Hallgrímsson kom einhvern tíma niður í skátafélag og kynnti útbúnað.

Brot að utan

Fyrst og fremst voru það þessi námskeið erlendis sem virkuðu sem vítamínsprauta. Við dvöldum 10 daga í London að kaupa útbúnað og reyna hann. Ég var í þykkum ullarsokkum, á nýjum Kastinger Arola skóm, og gekk um alla London í sumarhitunum og reyndi að ganga skóna til fyrir Alpaferðina, en þeir voru alla tíð ómögulegir! Síðan fórum við til Austurríkis. Við fórum út nokkur ár í röð. Næsta ár fórum við t.d. á Mont Blanc ('75). Hinir strákarnir fóru

reyndar á fjallið árið áður ('74) en ég var þá farinn heim. Við Pétur Ásbjörnsson fórum á Mont Blanc alveg grænir og vorum illa haldnir. Árið 1975, fórum við á Matterhornið. Við höfðum reynt við það '74, fórum svolítið upp en urðum frá að hverfa vegna veðurs. Þá gengum við reyndar á Monte Rosa, Rimpfishorn og Finisterarhorn, svo til Chamonix. Þegar við Pétur vorum búnir að fara á Matterhornið, fórum við til Chamonix og vorum eitthvað að brölta þar. Okkur fannst við ekki vera á því stigi að við gætum gert eitthvað að viti, þó við værum búnir að stúdera bækurnar. Við vorum bara að þreifa okkur áfram.



Brött spor. Frá V-hlíð Eiger. Úr safni H.B.



Leiðsögumaðurinn á Aig. du Pélerin (3400 m.) Úr safni H.B.

Þarna á þessum tíma var komin samkeppni milli okkar og Hjálparsveitar skáta í Vestmannaeyjum, þeir voru þá komnir á fulla ferð og voru samhliða Reykjavíkursveitinni. Þeir höfðu verið að stefna að Matterhorni og fóru á það ári seinna en við þe '76.

Á leiðinni heim, þarna eftir Matterhornið ('75), sáum við í blöðum að Vestmannaeyingarnir höfðu verið á undan okkur að klífa Þumalinn. Strax þarna fórum við að velta fyrir okkur hærri tindum. Metnaðurinn var vakinn. Árið 1976 fór ég með Pétri og Sigurði Baldurssyni norðlendingi á Hraundranga.

Alpaklúbbur á Íslandi?

Hugmyndin að stofnun íslensks alpaklúbbs kviknaði strax 1974 þegar nokkrir Íslendingar hittu mann frá Danska alpaklúbbum úti í Ölpum og fengu frá honum alls kyns plögg um slíka klúbba. Grunnurinn var lagður í björgunarsveitunum en okkur fannst að við fengjum ekki nóg þar og vildum fá

samtök þar sem enn meiri áhersla væri lögð á fjallamennsku. Hugmyndin var auðvitað að komast í samband við erlenda klúbba og tengjast þeim. En líklega er þetta jafnvel enn talinn þröngur hópur sem fáir sækjast eftir að komast í. Þetta voru það fáir að við vildum gjarnan fá fleiri saman. Við vissum af mönnum í hinum ýmsu sveitum hér og þar og vildum ná þeim öllum saman í ein samtök.

Alpaklúbburinn átti ekki bara að stuðla að ferðum erlendis. Nafnið kemur til frá samsvarandi klúbbum erlendis. Það vantaði vettvang fyrir fjallamennskuna. Við vorum smeykir þegar við byrjuðum að undirbúa þetta. Við vissum ekki hvernig þetta myndi ganga og hvort klúbburinn myndi endurnýjast nægilega til að lifa af. Það þarf eitthvað að halda klúbbum saman. Ritið og leiðarvísarnir gera það.

Enn til útlanda

Alpaklúbburinn fór út 1978 og sú ferð gekk vel, þrátt fyrir takmarkaðan tíma. Farið var á Matterhorn og Grand Jorasses meðal annars.

Við hjá Hjálparsveit skáta fengum áfram styrki til að sækja námskeið erlendis og ég fór árlega á slík. Við Sighvatur Blöndal fórum út 1977 og klifum þá vesturhlíð Eiger og „bívökkudum“ þar. Ég fór líka til Skotlands á björgunarráðstefnu og námskeið og hitti m.a. Hammond MacInnes.

Snemma sumars 1975 hafði ég hitt tvo ferðalanga, franskan og þýskan í Skaftafelli og fór með þeim á Örefajökul. Frakkinn gaf mér upp heimilisfang sitt í Chamonix og ég heimsótti hann þar '76. Gekk til hans í Argentière. Ég gisti þarna svo einhvern tíma og gekk um nágrennið. Þarna voru margir að klifra. Einhverjir fóru á Aiguille de Vertes og í æfingarsvæði í Col de Montets. Þar var ég „prófaður“ og gat farið ýmsar leiðir. Þá var ég sendur ásamt öðrum upp í Envers-skála. Fyrst fórum við Gouter, fallega og skemmtilega leið. En síðan fórum við leið á austurhlíð Grepon, 800 m leið og í mikilli hæð. Ég hafði aldrei kynnst öðru eins. Ég fór blint, sá aldrei neinn leiðarvísi. Pic de Roc hét þetta afbrigði. Samferðamaðurinn, hippi eins og allir hinir þarna, var í heimasaumuðu klifurbelti, götöttri peysu og hálf ræfilslegur. Mér fannst hann ekki mjög traustvekjandi og leist ekki vel á þetta. Hann leiddi meira og minna. Hann var þó ekki betri en ég, hafði þó einhverja tilfinningu fyrir leiðarvali. Ég hafði aldrei farið svona leið. Hann var með einhvern leiðarvísi og gekk ágætlega að klifra. Þegar leið á daginn fórum við þó að þreytast. Á ákveðnum stað þurfti að þrengja sér í gegnum skráargat og upp á syllu og síga niður í skarðið Pic de Roc. Þá var farið að skyggja og náunginn orðinn mjög þreytulegur og taugaóstyrkur. Eftir þetta tók við bratt klifur með þaki. Náunginn fer á undan en allt í einu öskrar hann upp.

Hann hafði dottið í línuna og fór alveg á taugum við það. Gjörsamlega búinn að vera lét hann mig leiða, þá var nú orðið stutt eftir upp á brún. Við lentum svo í myrkri á leiðinni niður. Leiðin að lyftunni liggur yfir jökul. Við misstum af síðustu lyftuferð niður í dalinn og gengum því í myrkrinu niður til Chamonix. Þetta var mikil æfintýraferð.

Fjallaskíðamennska

Um vorið 1977 hitti ég Arnór Guðbjartsson. Þá höfðu hann og félagar hans verið lengi á skíðum og voru að skipuleggja ferð á Örefajökul. Þeir voru með í huga að fara frá Svínafelli, upp í hlíðar Skarðatinds og niður í skarðið á milli hans og Hvannadalshrygginn og þaðan upp Hvannadalshrygginn. Það varð úr að ég fór með þeim og við fórum þessa leið. Þetta er frekar löng og mikil leið. Við fórum meðfram hryggnum að norðanverðu og loks klifum við á frambroddum upp á hrygginn rétt ofan við Dyrhamar. Það var dálítið bratt en rakin leið og ég man að færið var hart. Við fórum svo alla leið upp á Hnjúk. Ég var með lítill gönguskíði, ætluð til að ganga um á í skóglendi. Þetta voru litlir stubbar 1,50 m á lengd, breiðir og kantalausir. Þeir voru með tábindingar en ég var með gönguskíðaskó með mér. Við fórum á skíðunum alla leið niður.

Ég átti í miklu basli miðað við þá garpana. Þá var ekkert mál að skíða niður þennan hrygg, það var ekki eins sprungið og er búið að vera núna undanfarin ár. Við skíðuðum alla leið niður undir Svínahrygginn, Svínshausinn og þar, hina hefðbundnu leið. Þegar við komum þangað niður lagaðist færið, það var komin sólbráð og þá gat ég loks skíðað sæmilega niður síðustu brekkuna. Við fórum niður á Svínafellsjökul og fram hann. Þetta var fyrsta fjallaskíðaferðin. Eftir það fékk ég áhugann á þessu. Áður hafði ég farið ýmsar ferðir á gönguskíðum með hjálparsveitinni. Eftir þetta fórum við að ferðast saman og 1978 fórum við Arnór á námskeið í Austurríki í fjallabjörgun. Það var mjög gaman og fróðlegt.

Maður fann sig aldrei áður með neinum einum félagi í þessu. Menn komu og fóru. Það skiptir máli að klifra með einhverjum vönum þannig að ekki þurfi að hafa mörg orð um hlutina þegar aðstæður eru þannig. En þarna fórum við Arnór að ferðast saman og hann er sá sem ég ferðaðist mest með.

Eftir námskeiðið 1978 fórum við á Fingurbjörgina og fullt af ferðum á Örefajökul, m.a. á Kirkjuna og á Svínafellsjökulssvæðið ('78-'85). Á McKinley fórum við árið 1979. Það var fastur liður að fara í Skaftafell á þessum tíma. Það togar alltaf í mann að fara aftur á þær slóðir á vissum árstíma.

Á þessum árum var farið á Hrútfjallstinda í fyrsta skipti, með fallegustu og mikilfenglegustu tindum landsins. Það var ekki mikið um það að verið væri að

elta leiðir sem aðrir höfðu farið. Það var ákveðin keppni að vera fyrstir. Við fórum heilmikinn leiðangur á Kerlingu í Kerlingarfjölum í október '77 og árið eftir í ágústmánuði fóru Guðjón Ó. Magnússon og fleiri úr Flugbjörgunarsveitinni þarna upp. En fram að því höfðu þeir verið mest í löngum skíðaferðum og látið hjálparsveitinni klifrið eftir. En síðan fóru þeir á námskeið erlendis og lærðu inn á klifur og fóru fljótlega uppúr því á Kerlinguna. Svo fóru að koma menn sem vildu stunda klifur og fóru ekki hina hefðbundnu hjálparsveitaleið. Þeir stóðu sig yfirleitt vel.

Fjallaleiðsögumenn '85-'86

Fjallamennskan var það sem maður lifði og hrærðist í. Okkur fannst vanta þar eitthvað í. Eitt var að geta boðið uppá leiðsögn reyndra manna um fjallasvæði sem við þekktum. Úr varð að við héldum námskeið fyrir Fjallaleiðsögumenn.

Það er allt annað að ferðast um sem leiðsögumaður. Maður tekur ekki sömu áhættu með aðra. Þó er ákveðin hætta á að það verði að vana.

Það er ekki hægt að vera endalaust í hjálparsveit. Þetta nær upp í ákveðinn topp og fer ekki ofar en það. Eftir það er allt undir manni sjálfum komið.

Hremmingar

Þáskana 1978 lentum við í æfintýri á Svínafellsjökli. Við ætluðum á Hrútfjallstinda, Hnjúkinn og allt saman. Við vorum búnir að þúða um nóttina í tungsljósi á gönguskíðum. Við tjölduðum í mjög fallegu veðri en það var rosabaugur um tunglið sem við tókum nú ekki mikið mark á. Um klukkan tvö eftir miðnætti lögðumst við til svefns en um fimmleytið var komið brjáláð veður, rok, skafrenningur og talsverð ofankoma; það hrikti í tjöldunum.

Við höfðum tjaldað í geil sem við héldum að væri skjól í en vindinn lagði eftir henni. Annað tjaldið gaf sig og allir fluttu sig þá í hitt tjaldið. Krafturinn í vindinum var svo mikill að vindurinn tætti upp snjóinn undan tjaldinu þó það stæði á harðfenni. Seinni part dags var tjaldið alveg að fara, súla brotin og einn stóð og hélt henni meðan við hinir fórum í skó og mannbrodda. Enn var rok og ekki stætt og ekkert skyggni. Ég fauk til og lenti á broddunum á Arnóri. Við ákváðum að hopa niður hlíðina og koma okkur í skjól. Við vorum hræddir um að snjóflóð gætu komið úr hlíð sem við höfðum þurft að ganga undir. Það var komið myrkur og mikið kóf, svo ekki sást handa sinna skil.

Aðeins það nauðsynlegasta var tekið með í bakpokana, skíðin og fleira var skilið eftir. Við bundum okkur saman í línu og drifum okkur af stað. Fórum niður brekkuna, ég fyrstur en svo komu Arnór,

Jón Baldursson og Arngrímur Blöndal. Það endaði með því að Addi reisir sig eitthvað upp. Það er lítill halli þarna fyrst en svo eykst hann niður brúnina. Til öryggis voru með axir, íshamrar og broddar. Addi fauk, og af því að hann var efstur, sáum við ekkert og heyrðum ekkert og vissum ekkert. Hann kippti næsta með og næsta og næsta og allir af stað á fleygiferð þarna niður. Maður sá ekkert. Hugsunin var mjög skýr og þær voru margar hugsanirnar sem fóru í gegnum hugann á broti úr sekúndu; um afleiðingarnar og möguleikana á því að komast af. Ég vissi af stalli þarna fyrir neðan og að þar myndi hafa safnast saman snjór. Mestar áhyggjurnar voru af því hvar maður væri í röðinni því allir voru á mannbroddum og með ísaxir, með gaddana í allir áttir. Á endanum rykktest í mig, þá hafði ég flogið í lausu lofti fram af einhverju. Ég flaug langlengst. Þá hafði það atvikast þannig að Addi lenti hinum megin við stein. Þarna í brattanum er annars alltaf slétt, aldrei steinar. Þetta var nóg til að bremsa af línuna, sem var 9-10 mm lína. Hún skarst öll í sundur nema einn þráður, kjarni, var heill og hann hélt!. Línan tók mesta fallið af mér en svo lenti ég á hálfgerðri syllu þarna fyrir neðan.

Ég lenti á andlitinu og sneri mig um öklann. Arnór var rétt fyrir ofan mig, hékk í línunni, í hálflausu lofti, en Jón var efst upp við brún og hékk á haus í línunni alveg í lausu lofti. Ekki var allt búið þó við værum stoppaðir. Við bundum saman línuna og héldum áfram en það var komið svo mikið myrkur. Ég var neðstur og þreifaði fyrir mér og fór fram af einhverri sprungu eða brún. Þetta var reyndar stallurinn sem ég vissi af en í fallinu ruglaðist ég í ríminu og vissi ekki nákvæmlega hvar við vorum. Það var ákveðið að grafa sig inn í hlíðina þarna. Undir lausum snjónum var glerhart íslag. Við grófum okkur saman tveir og tveir í einhvers konar skúffur. Það var sæmilega rúmt þegar við vorum búnir að grafa og gott skjól. Þetta seig síðan svo mikið saman að maður gat ekki hreyft sig, þetta var svo nýfallinn snjór.

Um morguninn hafði rofað mikið til, lægt og komið hæglatísveður. Við þurftum þá að ganga fram hjá stóru geilinni í Hrútfjallstindum. Við gengu undir henni á brún, þar fyrir neðan er jökullinn, beint niður í hvilftina. Ég fór haltrandi á undan, stokkbólgin. Allt í einu kallaði Arnór: Snjóflóð! Ég kipptist við og steig eitt skref aftur á bak og það munaði akkúrat þessu eina skrefi. Ég heyrði ekki neitt, snjóflóðið seig bara niður úr þessari geil. Það hefði kippt okkur með ef við hefðum verið inni í því miðju, krafturinn var svo mikill. Snjórinn safnaðist svo í hvilftina niðri. Við héldum áfram, skíthræddir, alveg niður jökulinn. Þorðum ekki einu sinni að stoppa til að fá okkur að borða.



Helgi og Arnór láta sér ekki allt fyrir brjóst brenna, hér er Arnór á leið niður Kistufellshornið í Esju.
Ljósmynd: Helgi Benediktsson.



Í suðurhlíð Hróttfjallstinda, f.v. Helgi, Snævarr, Doug Scott og Þorsteinn Guðjónsson. *Úr safni H.B.*



Hvannadalshnjúkur séður frá Hríútfjallstindum

Fjallamennska og leiðarvísar

Einn ókostur við leiðarvísa er sá að menn klifra of mikið eftir þeim. Þeir eru ekki að hugsa út leiðir sjálfir. Ég á ennþá fyrstu ísexina og mannbroddana mína. Við vorum fyrstir á Fingurbjörg (31. ágúst '78). Það liðu þrettán ár þangað til næst var farið og þá var keyrt alveg að henni! Það á enn eftir að fara fullt af leiðum upp á hæstu fjöll landsins. Flestir eru ekki einu sinni að hugsa um slíkar leiðir, hvað þá að reyna að fara þær. Svona í framhjáhlaupi, það er hreinasta hneisa að menn skuli keyra upp á Hvannadalshnjúk. Þetta er ekkert sport. Spurningin er bara um nógu sterkt spil. Af hverju drösla þeir ekki Volkswagen upp Lómagnúp með spili? Í þessu sporti rúmast annars nánast allt sem kemur fyrir í venjulegu lífi. Það reynir ekki síður á andlegu hliðina en þá líkamlegu. Maður einbeitir sér vel og gleymir öllum gluggapósti. Það er ekki til meiri hvíld og hreinsun hugans.

Himalaya

Hjá sumum getur þetta áhugamál orðið lífstíll. Þeir hafa jafnvel atvinnu af þessu áhugamáli sínu. Dæmi um það eru þeir Doug og Chris.

Spurningin um hvort hægt sé að reikna með því að geta fjármagnað leiðangra á há fjöll, já, tæknilega séð

er það hægt. Góður markaðsmaður gæti rekið þetta sem fyrirtæki. Það gerir allt erfiðara að fólk hefur ekki almennt skilning á þessu. Við höfum líka orðið fyrir áföllum. Það hefur örugglega sín áhrif í og með. Það er svo fámennur hópur í þessu að það verður svo tilfinnanlega mikið tjón þegar einhver ferst. Vel heppnaðir leiðangrar virðast samt ekki koma neinni skriðu af stað. Menn byrja ekki á því að hoppa á svona há fjöll. Þeir verða að vera búnir að prófa eitthvað áður. Það eiga heldur ekki allir erindi á háfjöllin. Þeir verða að þroskast, taka sér tíma og fara í alpána og klifra leiðir þar. Í Ölpunum er komið í talsverða hæð og menn þurfa að halda heilsu. Fjallamenn þurfa að hafa það í blóðinu hvernig þeir eiga að bjarga sér. Reynslan ein hjálpar þeim.

Díran var góður skóli. Fjallgangan sjálf tók bara nokkra daga þó ferðin tæki margar vikur. Maður lærði heilmikið, hvernig hægt er að aðlagast hæð ofl. Þó ég hafi ekki verið í besta formi út af veikindum og fleiru þá fannst mér að ég gæti alveg ráðið við 8.000 m tinda af svipaðri erfiðleikagráðu. En það er svo margt í þessu. Maður getur náttúrulega alltaf veikst. Þarna í Pakistan var ferðin sjálf fjallgöngunni erfiðari, andlega a.m.k. Þetta tekur úr manni kraft. Í svona leiðöngnum nýtur maður ferðarinnar best eftir. Í



Gengið á vit fjallanna. Úr safni H.B.

Ölpunum klifrar maður leiðir og nýtur þeirra út í ystu æsar allan tímann.

Hvað er næst á dagskrá? Ég hef ennþá áhuga á háum Himalayatindum, það gæti þó orðið smábið á því að ég færi. Það eru líka svo margar leiðir sem Íslendingar eiga eftir að fara í Ölpunum. Ég var nú að telja tindana sem ég hef farið á í Ölpunum. Þeir eru trúlega yfir 60, reyndar misstórir og miklir, en oftast en einu sinni á einhverja þeirra. Við erum enn að ná því að vera fyrsti Íslendingurinn að fara á þennan og hinn tindinn.

Ekki bara tindar

Svo er hægt að fara góðar ferðir án þess að klífa fjöll. Eins og ferðin sem við fórum til Indlands. Maður nýtur fegurðarinnar. Keyrir tímunum saman eftir einstigum yfir hengiflugum. Íslendingar einblína svo á tindana en það er hægt að fara til Alpa- og Himalayafjalla og ganga um stíga. Meginkjarni þeirra er klifra í Ölpunum heldur sig innan vissrar gráðu og nýtur þess. Er ekkert að þvinga sig. Menn eiga bara að prófa sig vítt og breitt.

Mér finnst vanta hér að menn stundi fjallamennskuna alhliða. Það hefur verið hér hingað til að menn klifri í klettum og ís, fari á gönguskíði og

fjallaskíði og í gönguferðir með bakpoka. Við höfum upp á mikið að bjóða í því sambandi. Háfjallamennskan og fjallaskíðin hafa þó alltaf höfðað til mín, sérstaklega nú hin seinni ár.

Hættan hjá þessu yngra liði er að það vill vaða svo hratt áfram. Það vill gleypa allan heiminn í einum grænum. Það er með svo stórar hugmyndir í stað þess að byggja upp og komast á tindinn að lokum.

Vilt þú flytja Ísalpfélögum einhver skilaboð? Farið ykkur nógu hægt!

En hvaða tvo hluti myndir þú vilja taka með þér á eyðieyju? Ísexi og mannbrodda. Nei annars, talstöð svo að ég gæti látið sækja mig!

Draumafjallið? (Löng umhugsun). Ég veit það ekki. Everest. Þó lít ég ekki á það sem neitt takmark áður en ég drepst. En Matterhorn hefur alltaf verið mitt uppáhaldsfjall. Það er gaman að fara á það, ég hef farið þrisvar og á örugglega eftir að fara oftast. Svo er Norðurveggurinn eftir.



Í Súgandafirði á gönguskíðaferð úr Bolungarvík til Önundarfjarðar: Anna María Geirsdóttir. *Ljós. Helga Garðarsdóttir.*



Úr Alpaferð klúbbsins 1978. *Ljós. Helgi Benediktsson.*

Tjaldið í Eilífsdal

eftir Pál Sveinsson

Einn leiðinda laugardag í mars þegar ég var búinn að sofa, borða og glápa á sjónvarp fyrir heila viku á einum degi, gafst ég upp á letilífinu og ákvað að fara á fjöll daginn eftir og viðra mig til að fá útrás fyrir líkama og sál.

Við Guðmundur Helgi renndum út úr bænum um morguninn og ætluðum að líta inn í Eilífsdal því hann hafði ákveðnar hugmyndir um skemmtilega ísleið. Fyrr um veturinn höfðum við Helgi klifið leið sem við kölluðum Þilið og er 120m V gráðu ísleið. Ég átti ekki von á að lenda í neinu líku í þetta sinn því Þilið er ein magnaðasta ísleið sem klifin hefur verið á Íslandi. Þegar við klifum Þilið hafði Helgi tekið eftir að það var sundurslitinn ísfoss nokkru til hliðar við Þilið og ætluðum við að skoða hann svona upp á framtíðina.

Eilífsdalurinn bíður upp á mjög skemmtilegt og erfitt vetrarklifur en þó hefur hann ekki verið mjög vinsæll gegnum tíðina vegna þess að það tekur um tvo tíma að komast að leiðunum. Það ætti þó ekki að vera neitt vandamál því dalurinn er mjög fallegur og skemmtilegur til göngu.

Þegar við komum undir leiðina fannst mér vanta ansi langan hluta af ísnum í hana en við ákváðum samt að klifra upp að haftinu til að skoða. Þetta leit orðið mjög spennandi út neðan frá séð.

Helgi tilkynnti mér að það væri komið að mér að leiða lykilhlutann því ég hefði sloppið allt of vel í vetur. Helgi tók fyrstu spönn sem var 50 metra löng IV. gráða með hreinum vatnsís og varð hún mun erfiðari og lengri en við höldum.



Guðmundur Helgi og Hallgrímur Magnússon í hægri súlu Tjaldsins. Leið Páls liggur upp miðsúluna (t.h.) og áfram upp í hvelfinguna, yfir íslausa haftið og upp ísinn efst hægra megin við miðja mynd. *Ljósmynd P. S.*



Þilið í Eilífsdal. *Ljósmynd Páll Sveinsson.*

Það er alltaf þægileg tilfinning að vera seinni maður í klifri, engin ábyrgð, bara slappa af og njóta klífursins. Mér leið eins og ballettdansara þar sem hver hreyfing var eins og dansspor og fossinn sem dansgölf.

Þegar ég kom upp til Helga var hann búinn að hafa góðan tíma til að skoða næstu spönn og urðum við sammála um að halda áfram upp. Það var þó freistandi að flýja út úr leiðinni því það var létt snjóbrölt yfir að Einfara en við stóðumst freistinguna. Nú var komið að mér að leiða klifrið. Fyrstu metrarnir voru létt snjóklifur en þá hófust vandræðin því ekki var möguleiki á að koma inn nokkrum hlut til að tryggja klifrið. Þetta leit þó út fyrir að vera fært en ég var þó ekki kjarkmeiri en svo að ég ákvað að reyna nokkrum metrum til vinstri, klifraði niður nokkra metra og hliðraði. Mér létti nokkuð er ég fann smá íspolla sem ég gat komið skrífu í. Ég brólti áfram upp að íslausa haftinu og ekki var það skárna en fyrri staðurinn, ekki nokkur leið að koma einhverju inn. Loksins fann ég sprungu sem ég kom hnetu í, fyrst fór sjöan, hún bara víkkaði sprunguna, síðan kom áttan og allt fór á sömu leið. Þegar nífan var komin á hlið í sprunguna lagði ég ekki í að prófa hversu vel hún héldi og klifraði af stað í hrikalegustu lífsreynslu sem ég hef orðið fyrir í langan tíma.

Ég rétt náði með axirnar upp á brún á syllu fyrir ofan mig og mátti ég hífa mig upp á þeim því krafsið með broddunum hjálpaði lítið, púlsinn í 150 og

kjarkurinn rokinn út í veður og vind en einhvern veginn tókst mér að koma löppunum upp á sylluna. En þá tók ekki betra við, ég var með fæturnar í sömu hæð og axirnar og það sem ég hafði haldið að væri snjólag með ís undir, var móbergsdrulla með þykku lagi af lausum snjó sem gaf ekkert hald og því síður möguleika á að tryggja. Þetta var líkara línudansi en klifri. Það var ekkert hald fyrir axirnar og tók það allt sem ég átti að halda jafnvægi á broddunum á smá ísskæni sem tollði við bergið. Nú var ekki aftur snúið, ég varð að halda áfram þangað til að ég kæmi inn annarri tryggingu. Ef hægt er að færa alla hugsun og tilfinningu út í dauða hluti þá gerði ég það núna.

Ég var í eigin heimi þar sem axir og broddar voru orðnir hluti af mér. Lyktin sem kom þegar axir og broddar skröpuðust við bergið virkaði á mig eins og vítamínsprauta og vakti mig til lífsins og nú var ég farinn að njóta mín.

Nú hófst mikið puð og streð við að mjaka sér áfram í átt að ískerti sem var svo stutt í en samt allt of langt í burtu. Þegar ég nálgadist kertið jókst snjórin. Ekki gaf hann meira hald fyrir því og mátti ég hreinsa hann allan til að komast áfram.

Loks er ég komst á bak við kertið hélt sálin partý og bauð öllum gömlum hetjum og görpum í heimsókn. Eftir smá hvíld og andlega upplyftingu frá Helga, hélt ég áfram og nú lá leiðin út á kertið.

Ég setti eina skrífu á bak við kertið til að halda í

Þegar ég sveiflaði mér út á það. Það var mjög traustvekjandi að vita af línunni utan um kertið en ekki þorði ég að líta niður, það var nógu mikið „adrenalín“ í blóðinu fyrir því. Þegar ég klifra í lóðréttum ís og við mjög erfiðar aðstæður hættir mér til að klifra mikið á höndunum sem leiðir til þess að ég þreytist mjög fljótt. Því ákvað ég að klifra mjög hratt þennan kafla og sleppa öllum tryggingum. Nú var gaman, góður ís og axirnar sukku á kaf. Þetta var allt annað en klettaklórið áður. Ég var því snöggur upp fyrir kertið og fór að leita að góðum stað fyrir aðaltryggingu.

Það var búið að vera stanslaust snjókóf niður eftir ísfossinum allan tímann og hafði ég áhyggjur af að hengjan fyrir ofan mig væri að stækka. Og það ekki að ástæðulausu því ég var varla búinn að festa línuna í góða ísskrúfu þegar hún féll í hausinn á mér og þvílíkur hávaði. Ég hélt að himininn hefði hrunið, svo illa brá mér. Kófið var svo mikið að það leið nokkur tími þangað til ég vissi hvað snéri upp eða niður í fossinum. Ef ég hefði verið að klifra þegar hengjan kom í hausinn á mér hefði ég örugglega dottið af og farið langt niður í fossinn, því það voru tíu metrar í næstu tryggingu. Þetta gerðist svo snögg, að því var lokið áður en ég vissi af, en Helgi greyðið hafði nógan tíma til að ímynda sér allt hið versta því það sást ekki í mig í langan tíma. Það tók þó ekki langan tíma að sannfæra Helga um að allt væri í lagi og að hann mætti leggja af stað. Helgi var


að vanda snöggur upp til mín og fékk það hlutverk að komast upp hengjuna sem mér leist ekkert allt of vel á. Það var augljóslega ekkert hægt að tryggja síðustu metrana.

Helgi, sem lætur aldrei neitt tefja sig, var heila eilífið að mjaka sér síðustu metrana upp að brúninni og eyddi ómældri orku í að krafsa niður efsta lagið í hengjunni til að komast upp á brúnina. Þegar ég loks losnaði úr þessum hangandi stansi var ég orðinn svo kaldur og stirður að ég mátti mig vart hreyfa og þegar blóðið fór að renna aftur út í fingurna var sársaukinn svo ógurlegur að elstu Tírólar hefðu bliknað ef þeir hefðu heyrt spangólið í mér þegar ég var að reyna að deyfa sársaukann.


Klifur í lóðréttum snjó hefur ekki verið ofarlega á vinsældarlistanum og þegar hann er ekki harðari en svo að axirnar skera snjóinn nokkra sentimetra í hverju höggi, er ég ósköp feginn að hafa línuna strekkt fyrir ofan mig. Ekki var brúnin til mikilla vandræða þar sem Helgi hafði krafsað góða rás í hana fyrir mig. Þegar ég loks stóð á brúninni var ég sannfærður um að sjaldan hefði ég klárað klifurleið jafn stoltur og ánægður.

Það sem átti að vera skemmtilegur sunnudagsgöngutúr endaði sem ein efiðasta klifurleið sem ég hef farið.

(*Brotna þilið*) Tjaldið í Eilífsdal. FF. 24 mars 1991. Palli og Helgi. Leiðin er 120m. Ísfoss af V gráðu.



Frá fyrstu spönninni í Tjaldinu. *Ljósmynd P. S.*



Úr fyrstu spönn Vegvísis. Sjá Fréttapistil á bls. 36. *Ljósmynd P. S.*

Að vera rétt útbúinn

án þess að læra það af biturri reynslu

eftir Leif Örn Svavarsson

Hvað er hæfilegur búnaður í dags fjallaferð að vetrarlagi? Hér færðu skoðun eins manns á því hvað nauðsynlegt sé að hafa meðferðis. Að sjálfsögðu ber að hafa í huga heilræði fjallamanna sem birst hafa í mörgum myndum, en megininntak þeirra fyrir dags fjallaferð að vetrarlagi er eftirfarandi:

— Að láta vita af sér, hvert farið er og hvenær áætlað sé að koma til baka. Fræðið aðstandendur ykkar um hvernig kveðja eigi til aðstoð ef þið látið ekki vita af ykkur á umtöluðum tíma.

— Veljið leið við hæfi, hlustið á veðurspá og spáið í snjóalög og snjóflóðahættu. Snúið við ef aðstæður eru varhugaverðar.

— Farið ekki færri en tveir saman og haldið alltaf hópinn. Hver maður á þó að vera sjálfbjarga varðandi útbúnað, kort, rötun o.fl. Geymið bíllykla í bíl þannig að allir í hópnum viti af þeim og geti notað bílinn til að sækja aðstoð.

— Ofþreytið ykkur ekki; leitið vars í tíma ef þarf.

Reynslan getur verið lífshættulegur kennari, undirstöðuatriðin læra menn ekki af sjálfu sér. Vetrarnámskeið Íslenska Alpaklúbbsins kenna atriði eins og ísaxarbremsu, neyðarskýlagerð, undirstöðu í mati á snjóflóðahættu, leiðarval í fjalllendi, leit með snjóflóðayli og margt fleira sem öllum fjallamönnum er hollt að rifja upp. Kunnátta á áttavitann þarf að vera í lagi. Félagabjörgun þurfa allir klifrarar að hafa á hreinu og hana má einnig læra á námskeiði hjá Ísalp. Skyndihjálpar er kennd hjá alpaklúbbum og á fleiri stöðum.

Þessi pistill fjallar þó ekki um þessar grundvallarreglur heldur hvernig þú átt að vera útbúinn, fatnaðinn sem þú ert í og hvað þú ert með í bakpokanum.

Fatnaður o.fl.

Snjófljóðaylir er grunnútbúnaður í vetrarferðir.

Áttaviti á líka að vera til staðar, ýmist um hálsinn eða í vasa stakksins. Flautu er nauðsynlegt að hafa í bandi áttavitans. Hljóðið úr henni berst vel sem neyðarkall og krefst minni orku en að kalla. Hafa skal flautuna úr plasti til að hún trufla ekki áttavitann.

Neðan mittis

Flísbuxur hafa verið að ryðja sér til rúms. Gott er að verða í síðum nærbuxum undir þeim. Utan yfir flísbuxurnar þarf goritexbuxur. Hnébuxur og síðar nærbuxur hafa verið hinn hefðbundni klæðnaður hingað til. Það er vindheldara en flísbuxurnar en samt þarf vind- og vatnsheldar utanyfirbuxur.

Æskilegast er að vera í tvennum sokkum. Ullarblandaðir sokkar nær og síðan þykkir íslenskir ullarsokkar. Legghlífir.

Ofan mittis

Nærbolur, helst úr ull; annars úr viðurkenndu flísefni. Síðan kemur þunn peysa úr ull eða flís og þar utan yfir kemur þykk flíspeysa. Það ræðst síðan af veðri hvort gengið er í báðum peysunum undir staknum.

Goretexstakkur eða stakkur úr öðru sambærilegu efni, með áfastri hettu sem ekki er hætta á að fjúki af. Góðir brjóstvasar eru æskilegir á staknum því klifurbelti lokar neðri vösunum sé það haft utanyfir stakkinn.

Hendur og höfuð

Ullarvettlingar og utanyfirvettlingar. Ekki er mælt með að aðalvettlingarnir séu fingravettlingar því þeir veita aldrei sömu einangrun og hefðbundnir belgvettlingar. Utanyfirvettlinga þarf að vera auðvelt að koma uppá ermarnar og þeir mega ekki renna niður á úlnliðinn.

Lambhúshetta eða sambærilega þykka ullarhúfu er nauðsynlegt að hafa í vasa stakksins eða í topphólfinu

á bakpokanum. Silkihetta er þægileg undir grófri ullinni og oftast næg ein sér þegar ekki er mjög kalt.

Bakpokinn

Hæfileg stærð poka í dagsferð að vetrarlagi er um 45 lítrar. Athugið að bakpokar eru misþungir og það er engin ástæða til að hafa flókið burðarkerfi á dagspoka sem á að vera sem léttastur.

Ennisljós, auka alkaline-rafhlaða og pera ættu að vera fastur útbúnaður nema rétt yfir sumartímann.

Fíberúlpa, auka lopapeysa eða dúnúlpa sem aukafatnaður, sem ekki er farið í nema í kyrrstöðu.

Lágmarkssjúkragögn eru: Stór sáraböggull, tvær 10x10 sm grisjur, heftiplástur, skæri og teygjubindi. Allt í vatnsheldum plastpoka og síðan slitsterkari umbúðum ásamt neyðarskotabyssu og 200 gr neyðarfæði (súkkulaði o.fl.).

Í klifri skulu tvö prússikbönd fyrir félagabjörgun ávallt höfð með ásamt þeim útbúnaði sem þurfa þykir eftir viðfangsefninu. Hjálmur er þar höfuðatriði.

Aukavettlingar skulu vera í bakpoka.

Skóflu skal hafa með í vetrarferðum. Létt fjallaskófla eða skóflublað sem festist á ísexi er létt og fyrirferðarlítið. Góðar skóflur má fá á „stubai“ ísaxirnar og fleiri tegundir. Þetta ætti að hafa í huga þegar ísöxin er valin. Það er til lítils að staðsetja mann í snjóflóði með ýli ef ekki er hægt að grafa hann upp.

Nesti skal ávallt taka með í dagsferðir. Það er persónubundið; en heitt á brúsa ásamt nokkrum samlokum eða kexpakka er vanalegast.

Þegar dag fer að lengja geta sólgleraugu og sólvörn komið í góðar þarfir.

Kort og/eða leiðavísir Ísalp er ávallt betra að hafa með jafnvel þó menn þekki svæðið vel.

Skíðagleraugu eru ekki nauðsynleg en koma sér oft vel. Utanyfirhlíf fyrir svefnpoka er áhrifameira öryggistæki en ónothæfir álpokar þó að með góðum goretex fatnaði sé það ekki bráðnauðsynlegt. Vasahnífur er til margra hluta gagnlegur og svo má lengi telja upp af búnaði, svo sem nál og tvinna, öryggisnælur, viðgerðarsett fyrir skíðabindingar eða brodda og fleira. Allt búnaður sem telst ekki bráðnauðsynlegur en getur komið sér vel að einhver hafi meðferðis.

Það er auðvelt þegar vel gengur í nokkrum ferðum að sigta úr pokanum þann aukabúnað sem ekki hefur verið notaður. En allt þetta á að vera með í dagsferðinni. Ef einhverju er sleppt er það á kostnað öryggisins. Þetta eru sjálfsagðir hlutir sem hvorki eru of fyrirferðamiklir eða of þungir. Þeir gera þér kleift að bregðast við hinu óvænta. Þeir kunna að eiga eftir að bjarga lífi þínu eða félaga þinna. Vanti þig eitthvað af þessu getur þú ekki talist rétt útbúinn.



LÖGMÁL FERÐAMANNINS

- 1) Göngum ávallt frá áningarstað eins og við viljum koma að honum.
- 2) Skiljum ekki eftir rusl á víðavangi né urðum það.
- 3) Kveikjum ekki eld á grónu landi.
- 4) Rífum ekki upp grjót, né hlöðum vörður að nauðsynjalausu.
- 5) Spillum ekki vatni, né skemmum lindir, hverir eða laugar.
- 6) Sköðum ekki gróður.
- 7) Truflum ekki dýralíf.
- 8) Skemmum ekki jarðmyndanir.
- 9) Rjúfum ekki öræfakýrröð að óþörfu.
- 10) Ökum ekki utan vega.
- 11) Fylgjum merktum göngustígum þar sem þess er óskað.
- 12) Virðum friðlýsingarreglur og tilmæli landvarða.

Höfum þetta í huga og varðveitum þá auðlind sem náttúra landsins er, þannig að við fáum notið hennar um ókomna framtíð.



NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

CARAVAN


FYRIR ÞÁ SEM ÞORA, ÞAR SEM AÐRIR HIKA!

EXPEDITION ▲ svefnpokar

CARRY COMBI -30°C

Margreynður svefnpoki sem hefur náð miklum vinsældum. Góður kostur fyrir erfiðar aðstæður. Carry Combi er í raun tveir svefnpokar, innri pokinn með dúnnýllingu en sá ytri með gerviefnum úr hæsta gæðaflokki. Vandaður hlífðarsekkur, með ólum til að pressa pokann saman, fylgir.

CARRY COMBI



DÚNN OG FIBER



Dúnn



Dúnn



Fiber

EXPEDITION ▲ bakpokar

Fullkomnir bakpokar fyrir erfiðustu aðstæður – stillanlegt bak, vandað belti, snjólok, hliðarrennilásar og stillanlegt rými. Einnig minni bakpokar af ýmsum gerðum.



50-60A

65-75A

90A

50-60 lítra

65-75 lítra

90 lítra

MIKLI GARDUR VIÐ SUND

Póstsendum
Sími: 692000

Ari K. Gunnarsson — In memoriam

12.12.1961 - 9.10.1991

eftir Björn Vilhjálmsson

Aftur krefst Pumo Ri óbærilegra fórna úr röðum íslenskra fjallamanna, — í annað sinn á þremur árum.

Mér er í fersku minni þegar Ari kom út í Hrísey síðasta sumar til að heimsækja mig og mitt fólk. Þetta var fallegur sumardagur og lífið lék við tær sínar og fingur, Ari eitt sólskinsbros eins og yfirleitt þegar við hittumst. Þegar við vorum sestir inni í stofu fór ég að spyrja hann fréttu af háfjallaferðinni.

Þessi fjallaferð, sem ég spurði um, var afsprengi kunningskapar Ara við Malcolm Duff, skoskan Fjallamann, sem hann kynntist í Ölpunum '90. Þá gekk Ari á Mont Blanc og fleiri tinda og komst að því að hæðin hafði engin áhrif á hann og ákvað að mæla sig við hærri fjöll.

Í Chamonix ræddu þeir Duff um fjallaferðir og fjallgöngudrauma eins og fjallamanna er siður. Og þegar þeir voru að tala um háfjöllin kom í ljós að Duff vinnur við að skipuleggja fjallaleiðangra til Himalaya og ætlaði hann að vera Ara innan handar með að komast þangað.

Í fyrravetur hafði Duff síðan samband við Ara til að bjóða honum að taka þátt í pólskum leiðangri sem átti leyfi á Annapurna (8078 m) haustið eftir. Leiðangurinn átti að vera tvískiptur, A-hópur sem færi á Annapurna og B-hópur sem færi á Glacier Dome (7200 m) þarna rétt hjá og gæti Ari komist með B-hópnum.

Í Hrísey átti ég von á að heyra eitthvað af Annapurna leiðangrinum. En þá sagði Ari að Duff hefði nýlega haft samband við sig og tilkynnt að leiðangur B-hópsins væri dottinn upp fyrir en um leið boðið Ara að taka þátt í sínum eigin leiðangri á Pumo Ri. Ari var alsæll — sjálfum brá mér talsvert enda varla búinn að jafna mig eftir vinamissinn á fjallinu '88 — fyrir honum var þetta draumur að rætast. Honum þótti Pumo Ri fallegasta fjall sem hann hafði séð og hafði ekki þorað að vona að hann kæmist nokkurn tíma á það. Og nú stóð honum til boða að láta draum sinn rætast og var hann því ekki lengi að taka boðinu.

Sumarið leið áfram og vorum við í stöðugu

sambandi því Ari vildi vera sem best undirbúinn, bæði hvað varðar útbúnað og annað sem lýtur að fjallgöngum í háum fjöllum og reyndi ég að vera honum innan handar eftir megni.

Í byrjun september kom Arisóna í heimsókn til mín í síðasta skipti (þessu nafni hafði ég kallað hann síðan við vorum að klifra á Þingvöllum með lag Hallbjarnar á heilanum); hann átti að fljúga til Skotlands næsta dag. Hann var kátur og feginn að vera loksins að leggja af stað því biðin er alltaf verst.

Í lok september fékk ég svo póstkort frá Kathmandu þar sem leiðangurinn var önnur kafinn við að kaupa vistir áður en lagt yrði upp í fjöllin. Ara fannst þetta allt ævintýri líkast, á leið í fjöllin, í þriðja heiminum, að hitta fræga fjallgöngumenn í eigin persónu og að sjá alla hluti í fersku ljósi — og loksins að fara í fjöllin!

Hinn 10. október kom reiðarslagið. Rödd í símann sagði hljóðlega að hann hefði verið að lesa Reuterinn..... Ég þurfti ekki að heyra meira. Ég vissi nákvæmlega hvað bærist mér í Reuterskeyti frá Nepal. Aftur... Aftur taka fjöllin frá mér vin.

Þeir dónu finna engan sársauka lengur, hann er þeirra sem eftir lifa. Sársaukinn og minningin eru okkar hlutskipti. En minningin gefur þeim líf sem látnir eru meðan við munum eftir þeim og „orðstír deyr aldregi hvern góðan sér getur“.

Enginn getur fært okkur Ara aftur né heldur Þorstein eða Kristín sem fóru '88. Og einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að maður yfirgefi þessa jarðvist þegar tími manns sé kominn og það sé fátt sem geti komið í veg fyrir það. Því oft þarf svo ótrúlega röð tilviljana til að koma fólki yfir landamæri lífs og dauða að það er ekki einleikið.

Eitt veit ég þó fyrir víst, en það er að Hinn Mikli Fjalla-Andi hefur tekið vel á móti vinum mínum á fjallinu Pumo Ri og að andi þeirra dvelur í góðu yfirlæti meðal þessarra mestu bergrisa á okkar jörð.

Hvíldu heill, Arisóna.

Hvílið í friði, vinir mínir.

Tækjahornið

eftir Björn Vilhjálmsson

Í þessu tækjahorni komum við aftur að upprunalegri efnisskrá þáttarins, þ.e.a.s. þeim tækjum og tólum sem okkur eru nauðsynleg til að stunda okkar sérstaka áhugamál.

Þessi þáttur fjallar um þá gerð tryggingatóla sem talin eru marka upphaf nútíma klettaklifurs, en það hófst þegar VINIR (Friends) komu á markaðinn árið 1978. Vinir gerbyltu klettaklifri vegna þess að með þeim var hægt, á áreiðanlegan hátt, að tryggja í sprungur með sléttum samsíða veggjum, fyrir aftan hreyfanlegar flögur, í sprungur sem víkka út og í holum. Áður var aðeins hægt að tryggja þessa staði með því að nota fleyga, ef það var þá yfirleitt hægt.

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að þau tæki sem ég fjalla um í þessum þætti hafa ekki hlotið safnheiti á íslensku, því vil ég stinga upp á, og nota hér á eftir, orðin KAMBATRYGGINGAR og SPENNIKAMBAR. Því öll eiga þessi tæki það sameiginlegt að uppfylla þrjú grundvallaratriði, en þau eru: a) að hafa 3 eða 4 kamba sem vinna gegnt hverjir öðrum í tvær áttir, b) að allir kambarnir hreyfast um einn og sama ás, og c) að allir kamar nýta sama yfirborðsboga þar sem þeir grípa í bergið. Yfirborðsbogi er sá hluti af hringferli með ákveðinn radíus, sem notaður er til að ákvarða lögun þess hluta kambarsins sem snertir bergið og grípur í það.

Nú skulum við aðeins líta á sögu kambatrygginga. Fyrstu spennikambarnir


sem vitað er um litu dagsins ljós árið 1973 og voru hannaðir af Greg Lowe í USA. Nokkuð hefur verið deilt um hvort hann hafi raunverulega verið fyrstur, því að á svipuðum tíma var Sovétmaður, Abalakov að nafni, að gera tilraunir með svipaðar hugmyndir. En Greg segir sjálfur að áður en Abalakov hafi komið fram með sínar hugmyndir hafi hann sennilega séð frumgerðir af sínum spennikömbum, sem frændi hans Jeff Lowe hafði með sér á ferðalagi í Pamír fjöllum, og fengið sína hugmynd útfra þeim, en nóg um það. Spennikambur Lowes var upphaflega einn kambur og síðan tveir sem spennstust á móti leggnum, sem klifurlínan var síðan tengd við. Lowe fékk einkaleyfi á hugmynd sinni og seldi talsvert af tveggjakamba útgáfunni á árunum 1973-1976, þótt þessi spennikambur hafi verið frumstæður miðað við nútímaútgáfur.

Á svipuðum tíma byrjaði flugvéla verkfræðingur, Ray Jardine, að velta fyrir sér hugmyndinni um hreyfanlega kamba sem hægt væri að spenna gegnt hver öðrum með gormum. Hann var kunnugur G. Lowe og vissi um þælingar hans, en leitaði nýrra leiða. Jardine var að leita að tryggingatæki sem væri nothæft til að tryggja ákveðnar leiðir sem hann hafði í huga (t.a.m. The Nose á El Capitan á einum degi - en hann varð nokkrum dögum of seinn til að ná þeirri leið fyrstur), en spennikambur Lowes dugði nær eingöngu

til að tryggja sprungur með sléttum samsíða veggjum. Jardine eyddi miklum tíma í að reikna út rétta bogann á kambana áður en hann fann þann rétta, og ákvað að hafa fjóra kamba, til að stöðugleikinn yrði sem mestur. Þessi eini sanni bogi á kömbunum gerir það að verkum að því meira átak sem kemur á legginn og öxulinn sem kambarnir eru festir við, því fastar bíta kambarnir sig í bergið. Síðan hófst þróunarvinnan. Eru til margar sögur af því þegar hann og vinir hans voru að laumast um Yosemite með frumgerðirnar innan á sér og vandræðum sem þeir lentu í á erfiðum leiðum, vegna þess að tryggingartækin voru geymd undir fötunum.

Prettán kynslóðum síðar, árið 1978, kom fyrsti Vinurinn (Friend) á markaðinn framleiddur af fyrirtæki Jardines og félaga hans Mark Vallance, Wild Country. Vinir einokuðu spennikambamarkaðinn langt fram á níunda áratuginn, þrátt fyrir að aðrir reyndu fyrir sér með kamba. Wild Country hefur ekki einkaleyfi á boganum á kömbunum sem er „bara“ stærðfræðileg jafna, heldur á leggnum og afhleypibúnaðinum. Því hafa allir, sem vilja framleiða spennikamba, orðið að finna upp nýjar gerðir af leggjum og afhleypibúnaði og fæstum, ef nokkrum, tekst að gera það betur en Ray Jardine.

Fyrstu gerðir spennikamba eftir að Vinir komu voru svonefnd þriggja-kambatæki, eða TCU (three-cam unit), sem



Mynd 1 Vinur með stífum legg, upprunalega gerðin. Teikning Torfi Hjaltason.

hafa sveigjanlegan legg úr vír, sem festur er í báða enda öxulsins. Þessi gerð hefur reynst ágætlega og opnað ýmsar leiðir fyrir nýjar gerðir kambatrygginga, og nú er svo komið að mismunandi gerðir af spennikömbum eru komnar vel á annan tuginn.

Ég ætla í þessum þætti að fjalla um nokkrar helstu gerðirnar sem nú eru á markaðnum, en þess ber þó að geta að þessi umfjöllun er ekki tæmandi, vegna þess að ég hef ekki handbærar upplýsingar um allar gerðir. Sumar útgáfur hafa reynst vel en aðrar miður, þó eru nokkrar grundvallarreglur sem gilda um notkun allra gerða af spennikömbum. Þær eru:

* Veldu rétta stærð af spennikambi fyrir þann stað sem setja á í. Allir kambarnir eiga að snerta bergið. Ef þarf að draga kambana alveg saman til að koma tækinu fyrir, er spennikamburinn of stór fyrir ísetningarstaðinn. Prófaðu næsta númer fyrir neðan. Ef kambarnir eru sem næst útspenntir í ísetningarstaðnum, þá er spennikamburinn of lítill. Prófaðu næstu stærð fyrir ofan.

* Forðist að nota spennikamb með harðan legg í láréttar sprungur eða ísetningar.

* Stílið spennikambinn og legg hans af í væntanlega átakstefnu.

* Notið sling til að koma í veg fyrir að spennikamburinn geti „skriðið“ eða „gengið“ inn í sprunguna vegna hreyfinga á klifurlífunni. (Með slanguryrðinu „sling“ á ég við lykkju úr borða eða línu, en vegna þess hve illa mér fellur orðið „lykkja“ nota ég ónefnið „sling“ í hvorugkyni).

* Lesið vandlega leiðbeiningar framleiðanda um notkun tækisins og hvernig eigi að nota sling með því.

* Skoðið spennikamba með sveigjanlega- eða vír-leggi reglulega og athugið hvort vírinn sé farinn að gefa sig eða trosna. Sé svo er er yfirleitt hægt að senda þá til framleiðanda til viðgerðar.

* Ef hreyfanlegir hlutar spennikamba verða stífir og stíðir er hægt að smyrja þá fitulausu smurefni einsog WD40, sem fæst á bensínstöðvum.

* Notið ALDREI smurólú, því hún safnar í sig óhreinindum og gerir illt verra.

* Hafið hugfasta aðvörun um spennikamba sem kom í auglýsingabæklingi Wild Country árið 1988; hún er svona: „Það er ekki allt

trygging sem hefur gorma, afhleypa og situr kyrrt í sprungu“.


Þá skulum við líta á nokkrar helstu gerðir spennikamba og byrja á brautryðjandanum,

WILD COUNTRY

Vinir eða „Friends“ eru sú gerð spennikamba sem mest er notuð, þeir hafa ekki breyst mikið í útliti síðan þeir komu fyrst á markaðinn, nema að nú fást þeir í tveimur útgáfum, þ.e. með hörðum og sveigjanlegum legg.

VINIR (með föstum legg, sjá mynd 1) eru með legg og afhleypa sem eru einkaleyfisverndaðir, einsog áður sagði, hreyfivírnir frá kömbunum eru tengdir við afhleypistöng sem liggur í gegnum legginn. Leggurinn er sterkari og endingarbetri en vírleggurinn í Sveigjanlegu Vinunum, þar á móti kemur að harði leggurinn þolir afar illa að vera notaður í láréttar tryggingar. Aðeins er þó vitað um eitt tilfelli þar sem leggurinn hefur brotnað, en mörg þar sem leggurinn hefur bognað í láréttum tryggingum. Þeir hjá Wild Country geta gert við leggi sem hafa bognað á þennan hátt. Þeir sem nota Vini í láréttar tryggingar ættu að setja bandlykkju í eitt af léttingargötunum á leggnum og tengja slingið í hana.

Afhleypirinn eða gikkurinn er þannig útbúinn að á hann á að nota tvo fingur og þrýsta á móti með þumli á enda leggsins. Gengur það vel með harða leggnum nema þegar tryggingin er sett mjög djúpt, þá getur verið erfitt að halda fingrunum á gikknum. Ef Vinur „gengur“ svo djúpt inn í sprungu



Mynd 2, sveigjanlegur Vinur með vírlegg. Teikning T.H.

að fingurnir ná ekki á gikkinn, er hægt að nota hnetulykil eða lykla til að toga í gikkinn.

Vinir voru einu spennikambarnir til skamms tíma sem komu með ásaumuðum slingum, í mismunandi litum til að aðgreina stærðirnar, sem er mikill kostur. Í seinni tíð hafa fleiri framleiðendur tekið upp þennan góða sið.

Vinir koma í stærðunum 1 - 4 og með hálfstærðum á milli, eða sjö alls í einu setti. Hægt er að nota Vini í sprungur á víddarbilinu 1,9-10,0 cm.

Þrátt fyrir að nú séu komnir á markaðinn spennikambar sem hafa meiri breidd, koma í minni og stærri stærðum, hafa betri afhleypara og sveigjanlegri leggi en Vinir, eru Vinir ennþá sterkustu, áreiðanlegustu og endingarbestu spennikambarnir sem völ er á.

SVEIGJANLEGIR VINIR: (Flexible eða technical Friends, sjá mynd 2)


1987 urðu gagnager breytingar hjá Wild Country þegar þeir settu Sveigjanlega Vini á markaðinn. Þessir Vinir tóku við þar sem notagildi „venjulegu“ Vinanna endaði. Þeir voru öruggir í láréttum tryggingum, pössuðu í holur og göt, og komu í minni stærðum, en þeir spanna bilið frá 1,3 cm til 3,5 cm.

Sveigjanlegir Vinir eru í minni stærðum en Vinir og eru nr. 0 og nr. 0,5 einhverjir allra bestu spennikambar sem fást fyrir þröngar sprungur. Ástæðan er sú að Sveigjanlegir Vinir (með fjórum kömbum) eru álfka breiðir og flest þriggja kamba tæki. Þegar fjórir kamba sjá um að grípa í stað þriggja fæst meiri styrkur, og áreiðanleiki tryggingarinnar er aukinn til muna.

Leggurinn á Sveigjanlegum Vinum er einfaldur stálvír sem tengist í öxulinn miðjan, það gerir það að verkum að leggurinn getur sveigst til allra átta. Á öðrum spennikömbum er sveigjanlegi leggurinn yfirleitt gerður úr stálvírslykkju, þar sem endarnir eru festir í öxulinn. Afleiðingin er sú að spennikambarnir vinna best í eina ákveðna stefnu. Annar ókosturinn við lykkjuleggina er að í grunnnum tryggingum getur komið misjafnt álag á öxulinn, af því að festingarnar eru í sitt hvorum enda hans.

Afhleypirinn er eins á Sveigjanlegum Vinum og Vinum, og þeir eru einnig með litgreindum ásaumuðum slingum.

Ókostur við Sveigjanlega Vini, sem og aðra spennikamba með vírlegg, er að vírinn er ekki eins endingargóður og harður



mynd 3, HB Tri Cam og Quad Cam

leggur. Auk þess geta vírar trosnað og komið á þá beygjur og horn, en slíkt minnkar endinguna verulega.

Hæfileiki Sveigjanlegra Vina að þola átak í allar áttir, að passa í alls konar staði, og að vera mjög litlir, gerir þá að gersemi meðal smárra tryggingataekja.

H.B. - MICROMATES

H.B. stendur fyrir nafn hönnuðarins, Ástralans Hugh Banner, sem frægastur hefur orðið fyrir mikróhnetur sínar. Hann hefur nýlega sett á markaðinn fjórkamb sem hann nefnir QUAD CAM og þríkamb sem hann nefnir Tri Cam. Quad Cams eru sveigjanlegir fjórkambar og koma í miðstærðum, öflugt við flesta sveigjanlega kamba sem fást aðallega í minnstu stærðunum og þriggjakamba. Tri Cams eru sveigjanlegir þríkambar í smáum stærðum.

Quad Cams eru mjög vel hannaðir, eins og vænta mátti frá H.B. (sem þykir mjög fær hönnuður), hafa fjóra sjálfstæða kamba á einum öxli, eins og Vinir, en lengra nær samlíkingin ekki. Hausinn á Quad Cams er breiðari en á Vinum og krefst því dýpri



mynd 4, HB Fix

ísetningar. Leggurinn er stálvírslykkja og er hún stífari en leggurinn á Sveigjanlegum Vinum. Einnig er lykkjan u.þ.b. 5 cm. lengri en á sambærilegum spennikömbum, sem gerir það að verkum að hægt er að tengja hana við klifurlínuna án þess að nota sling.

Aðalkosturinn við Quad Cam er afhleypirinn, en það er hugvittsamlegur tog-gikkur. Álhring er komið fyrir milli leggjana í vírlykkjunni sem er hæfilega stór fyrir einn finger til að toga í. Þess vegna er auðvelt að ná Quad Cam úr djúpum ísetningum og auk þess er auðvelt að ná í hringinn með hnetukrók ef spennikamburinn hefur skriðið djúpt inn í sprungu.

Um Tri Cam hef ég ekki upplýsingar einsog hér að ofan, en reikna með að það gildi sem þar stendur um hönnun og frágang.

Og 1990 kom á markaðinn enn einn spennikambur frá H.B., sem kallast FIX. Ég nefni hann hér þótt ég hafi ekki neinar tölur um hann. Þó er sagt um hann í kynningum að hann sé eini spennikamburinn með hörðum legg sem sé sérstaklega hannaður fyrir láréttar sprungur og tapi engum styrk við það (sjá mynd).



mynd 5, Camalots

CHOUINARD

Spennikambarnir frá Chouinard, CAMALOTS, eru róttækasta hönnunarbreytingin í kambatryggingum. Í stað þess að allir kambarnir séu festir við einn öxul, eins og aðrir framleiðendur gera, eru Camalots með tvo öxla. Þannig eru kambaparið á hvorri hlið með sameiginlegan öxul, sem gerir það að verkum að spennikamburinn hefur stærra vinnslusvið (þ.e. hver um sig passar í fleiri víddir af sprungum) og getur munað allt frá 33% - 75% eftir stærð, miðað við aðrar gerðir. Þetta skilar sér síðan í skjótari ísetningartíma, þar sem stærðin þarf ekki að veljast jafn nákvæmlega.

Annar kostur við Camalots er að þeir halda betur í tryggingum þar sem þeir eru mikið opnir, þ.e. eins og opin regnhlíf. Þá tapa þeir næstum engum styrk, meðan venjulegir spennikambar tapa verulegum styrk í mjög opinni stöðu.

Þriðji kosturinn við Camalots er að þeir hafa sveigjanlegan legg og eins fingurs afhleypara. Leggurinn er stálvírslykkja sem tengist öxlunum milli kambanna. Utan um vírin er plasthólkur úr „Nylotron“, sem bæði hlífir vírnum og er hægt að toga niður legginn, en þá myndast mjög góður snúningspunktur eða n.k. hjöruliður, sem kemur í veg fyrir að tog og hreyfing á línunni aflagi stöðu spennikamsins í tryggingarstaðnum.

Sjálfur gikkurinn er úr plasti og er togað í hann með einum fingri, en þrýst á móti með þumli á lykkjustöngina. Að auki er gat fyrir snúru á gikknum og lykkjustönginni svo hægt sé að ná tækinu ef það er utan seilingar í sprungu.

Camalots eru fjórir í setti og spanna venjulegt svið (þ.e. 1,5-10,0 cm), nema að númer 4 er u.þ.b. 2,5 cm. víðari en Vinur með sama númeri.

Ókostir við Camalots eru aðallega þrír. Í fyrsta lagi eru þeir um þriðjungi þyngri en aðrir spennikambar af sambærilegri stærð. Í öðru lagi er fleira sem getur bilað í þeim, þar sem þeir eru samsettir úr fleiri hlutum. Og í þriðja lagi eru þeir veikari en bæði Vinir og Quad Cams. Chouinard metur styrk Camalots á 1000 kg, meðan Vinir þola 1500 kg og Quad Cams þola 1400 kg.



mynd 6, Aliens

COLORADO CUSTOM HARDWARE

ALIENS eru einhverjir sérstæðustu spennikambarnir fyrir þröngar sprungur sem nú eru á markaðnum. Þeir hafa verið til í mismunandi gervum nokkur undanfarin ár, en hönnuður þeirra Dave Waggoner hefur stöðugt verið að endurbæta þá og ALIENS 3 eru nýjasta útgáfan. Þetta eru fjórkamba með minnstu höfuðbreidd allra fjórkamba, jafvel minni en marga þríkamba, og koma í sjö stærðum.

Aliens 3 eru með legg úr einföldum stálvír, einsog Sveigjanlegir Vinir, sem er festur við öxlun milli kambanna, en hafa öðruvísi afhleypara og „klipp-í“ lykkju (hér er á ferðinni enn eitt orðskrípið úr orðaforða mínum (sjá sling), sem er ekki til eftirbreytni, en gæti hvatt aðra til að finna orð sem betur hæfir. B.V.).


Afhleyparinn er úr stállofinni hulsu sem er utan um legginn og er annar endinn tengdur við víra sem liggja út í kambana, en hinn endinn festist við málmlötu sem er gikkurinn. Til að draga saman kambana er togað í gikkinn með tveimur fingrum og þrýst á móti með þumli í klipp-í lykkjunu.

Aliens 3 er hægt að tengja beint við klifurlínuna með karabínu án slings.

Hulsan gerir fleira en að vera þægilegur og lipur afhleypari því að hún ver vírlegginn gegn núningi og sliti, og gerir legginn stífari þannig að nákvæmar ísetningar verða miklu auðveldari. Gott er að vefja límbandi (t.d. Leukotape) utan um hulsuna til að hlífa henni og auka endinguna á tækinu.

Utanfrá séð hafa Aliens 3 lang hreinlegustu hönnunina af öllum kambatryggingum. Samdráttarvírarnir frá kömbunum eru stuttir og snyrtilegir vegna stálhulsunnar, og hafa því ekki sömu fyrirferð og á mörgum öðrum spennikömbum. Innvortis eru Aliens 3 einnig snyrtilegir og hreinlega hannaðir. Með því að fræsa raufar í kambana tókst Waggoner að fá pláss fyrir gormana inni í sjálfum kömbunum í stað þess að hafa þá á milli þeirra. Þetta minnkar breidd höfuðsins án þess að veikja það eða minnka stöðugleikann. Veikasti hlutinn er eftir sem áður leggurinn, en hann þolir samt 725-1400 kg, eftir stærð.

Lítil breidd höfuðsins á Aliens hefur ýmsa kosti, til dæmis vinna þeir betur en aðrir í mjög grunnum ísetningum og holum. Í öðru lagi halda þeir betur í útvíkkandi sprungum vegna þess að kambarnir standa þéttar saman og aðlaga sig betur. Og í þriðja lagi virka samdráttarvírarnir þannig að ekki er hægt að draga kambana of mikið saman,



mynd 7, Metolius

sem er kostur á minnstu kömbunum sem alltaf er verið að troða í mjög þrönga ísetningarstaði. Allt í allt eru Aliens 3 góðar kambatryggingar hvað varðar hönnun, endingu og verð.

METOLIUS

Metolius var eitt af fyrstu fyrirtækjunum sem hannaði og framleiddi spennikamba með sveigjanlegum legg og aðeins þremur kömbum, TCU eða Three Cam Units (þriggja kamba tæki).

Þegar TCU komu fyrst á markaðinn réðust þeir á Vini þar sem þeir voru veikastir fyrir. Vinir gátu aðeins tryggt sprungur niður að 1,9 cm, en Metolius var með tvær stærðir fyrir neðan það. Vinir höfðu harðan legg og hentuðu illa í láréttar tryggingar, TCU höfðu sveigjanlegan legg sem lögðust yfir láréttar brúnir, auk þess sem þeir hentuðu betur í holur og þröngar ísetningar. Af því að TCU eru þriggja kamba hafa þeir minni höfuðbreidd en Vinir, og nýttust því

betur í grunnar tryggingar. Metolius TCU voru því eina raunhæfa tryggingin í þröngar samsíða sprungur og rifur þar sem fleygar höfðu verið notaðir áður.

Uppbygging þessarar spennikamba er lík öðrum gerðum. Kambarnir þrír eru á sama öxli, miðkamburinn (aðeins breiðari) til annarrar hliðar og ytri kambarnir til hinnar. Leggurinn er virlykkja sem er fest í báða enda öxulsins en á hinum endanum er stöng sem afmarkar „klipp-f“ augað. Afhleyparinn er gikkstöng sem báðir vírarnir ganga í gegn um og er togað í hana með tveimur fingrum og þrýst á móti með þumlinum, rennur hún þá eftir vírunum. Þessi gerð afhleypara vinnur vel, jafnvel þótt klifurinn sé „pumpaður“ (með orðinu „pumpaður“ er átt við að vöðvar framhandleggjanna séu orðnir svo fullir af blóði, sem ekki kemst frá þeim, að þeir hætta að starfa).

Metolius spennikambarnir eru snyrtilega hannaðir og vel útfærðir. „Klipp-f“ lykkjurnar eru fódraðar plasthulsum í mismunandi litum eftir stærðum, en það má ekki nota þessa spennikamba án slinga. Það er gott að binda stutt sling í lykkjurnar og er þá í lagi að tengja TCU beint við klifurlínuna, annars er best að nota hraðsling (=quick-draw, þ.e. sling eða lykkja sem er saumað saman í miðjunni þannig að karabínurnar renni ekki að hver annarri).

En hvenær er best að nota þrikamba? Þegar ísetningarstaðurinn er nógu djúpur til að taka við fjórkambi er réttara að velja þá vegna þess að þeir eru sterkari, stöðugri og öruggari, en þegar ísetningarstaðurinn er grunn sprunga, saumur eða holur sem fjórkambur kemst ekki í, þá er komið að þrikambi. Vegna þess hve kambarnir á Metolius standa þétt, aðlagast þeir betur útvíkkandi sprungum en fjórkambar með breiðara höfuð. Ef TCU eru notaðir rétt geta þeir tryggt staði sem ekkert annað getur tryggt.

Metolius eru nýlega komnir með fjórkamb á markaðinn, sem ég hef ekki upplýsingar um en reikna þó frekar með því að hönnunin og framleiðslan séu á svipuðu róli og á TCU spennikömbunum.

LIBERTY

Þetta fyrirtæki framleiðir og markaðsetur þrjár gerðir af litlum kambatryggingum, það eru: Pro-Gear Four Cams, Pro-Gear Tri Cams og Spiders.

PRO-GEAR FOUR CAMS (fjórkamburinn) er langbestur af þessum


spennikömbum. Þeir eru stæling á Sveigjanlegum Vinum og eru með sams konar legg og afhleypara. Aðalmunurinn er fólgin í stærðunum og breidd höfuðsins. Kambarnir á Pro-Gear eru 0,48 cm, á meðan kambarnir á Vinum eru 0,6 cm, þetta þýðir að Pro-Gear fjórkambarnir eru fyrirferðarminni en Sveigjanlegir Vinir. Til dæmis er breidd höfuðsins á Sveigjanlegum Vini nr. 1 4,6 cm, á meðan sambærileg stærð á Pro-Gear fjórkambi er 3,8 cm. Þetta er kostur í grunnum tryggingum því þá komast fjórir kamar þar sem aðrar gerðir koma þremur kömbum.

En besti kosturinn við Pro-Gear fjórkambana er nr. 7, en hann er einni stærð minni en minnsti Sveigjanlegi vinurinn, og er vinnusvið hans 1,1-1,4 cm. Aðeins eitt annað fyrirtæki býður upp á spennikamb með álíka míkrosviði.

Þessir spennikambar eru ekki með áföstu slingi, því þarf að hnýta í þá sling með 7 mm línu.

PRO-GEAR TRI CAMS eru í grundvallaratriðum þriggja kamba útgáfa af fjórkambinum. Heimildir mínar telja sig ekki skilja tilgang þessarar framleiðslu, þar sem þeir séu dýrari en fjórkamburinn, veikari og hættulega óstöðugir. Kambabyggingin lítur og kambarnir þétt saman; þessi tvö atriði geri það að verkum að þessir spennikambar séu óstöðugastir allra sem hér eru til umfjöllunar. Að auki megi hvort eð er nota fjórkambinn alls staðar sem þrikamburinn komi til greina.

SPIDERS eru ódýrari útgáfa á Metolius TCU og eru nákvæmlega eins hvað varðar öxulinn, kambauppsetninguna og legginn. Þeir eru líka sagðir hafa svipaðan styrk. Það sem skilur þessar tvær gerðir að, burtséð frá verðinu, er




mynd 8, Spider Cams

kambabreiddin, afhleyparinn og frágangurinn.

Miðkamburinn á Spiders er þykkari en á Metolius. Það þýðir að það er aðeins meira yfirborð í snertingu við bergið á veikari hlið spennikambsins og getur það verið kostur í tæpum tryggingum, en skiptir annars mjög litlu máli.

Afhleyparastöngin á Spiders er þannig útbúin að í hana má toga með einum, tveimur eða þremur fingrum. Það er gert með því að festa samdráttarvírana (frá kömbunum) til hliðar á gikkstönginni í stað þess að festa þá í hana miðja einsog þeir hjá Metolius gera, og fæst þá pláss fyrir einn fingur á miðri stönginni.

Plúsarnir sem Spiders fá fyrir afhleyparann og breiða miðkambinn tapast þegar frágangurinn er metinn. Ekki það að hann sé svo hroðalegur, heldur vegna þess að þeir eru ekki eins vandlega hannaðir og aðrar gerðir, svo eru þeir sendir á markað forsmurðir með olfu. Það þarf að byrja á að hreinsa þá og smyrja með WD40, áður en þeir verða stífir og fyllast af óhreindum. Einnig þarf að binda í þá sling, þar sem þeir koma ekki með ásaumuðum slingum.



mynd 9, Wired Bliss

WIRED BLISS

Eitt það allra mikilvægasta við allar kambatryggingar er afhleypibúnaðurinn, sem verður að vera aðgengilegur og auðveldur í notkun. Ef það er erfitt að nota spennikambinn í versluninni, ímyndaðu þér þá hvernig sé að nota hann dauðþreyttur við að leiða.

	A	B	C	D	E	F
WILD COUNTRY Vinir	7	1-4 +1/2*	1 1 1/2-4	19-29 22-100	1300 1500	102 111-213
WILD C. Sveigjanlegir Vinir	6	0.0- 2.5 +1/2 ☼	0.0 } 0.5 } 1.0 } 1.5 } 2.0 } 2.5 }	13-29 22-55	1300 1500	85-99 105-126
HB Quadcams	5	1-5		19-65	3080	eu *
HB Tricams	5	1-5		10-35	3080	
HB Fix	5	1-5				
CHOUINARD Camalots	4	1-4		30-122	2200	125-370
CCH Aliens	7	1 2-4 5-7		0.35-51 0.47-1.3 0.98-2.17	1600 2400 3000	eu *
METOLIUS TCU	5	0-4		0.4-0.6	1600	
METOLIUS FCU	5	1-5		0.5-1.35 eu *	2400 ca 2600	eu *
LIBERTY FCU	5	1-5		0.43-1.61	2500	
LIBERTY TCU	5	1-5		0.43-1.61	2000	eu *
LIBERTY Spiders	5	0-4		0.31-0.63 0.44-1.5	2700 3000	
VIRED BLISS TCU	5	0-4		0.4-1.4	2800	eu *

A - Fjöldi í setti

B - Stærðanúmer

C - Stærðarnr.

D - Vinnslusvið í mm

E - Styrkur í kg

F - Þyngd í gr

* eu = engar upplýsingar tiltækar


☼ +1/2 = einnig hálfstærðir



Af öllum þríkömbum er afhleyparinn á Wired Bliss þægilegastur. Hann er hannaður af Steve Byrne og rennur eftir vörum í lykkjunni, einsog á öllum öðrum þríkömbum. Munurinn er ekki fólgin í hönnun gikksins eða staðsetningu á lykkjunni, heldur í staðsetningu samdráttarvívanna, sem eru festir til hliðar á gikkstönginni (einsog á Spiders) og leyfa því eins til þriggja fingra tog. Allir hlutar Wired Bliss eru vandvirknislega hannaðir og unnir, og vel settir saman. Auk þess eru kambarnir Wired Bliss einu spennikambarnir á markaðnum sem hafa tvær mismunandi höfuðbreiddir, þ.e. venjulegt og mjótt höfuð.

Venjulegir Wired Bliss eru með álíka breitt höfuð og Metolius og Pro-Gear, og eru fáanlegir í fimm stærðum á bilinu 1,0-3,5 cm. Mjóir Wired Bliss eru þannig til orðnir að Byrne notar þynnra efni í kambana og hefur í þeim harðara efni til að halda styrknum. Að nota harðara efni minnkar viðnámið og því eru þeir óstöðugri. Kostirnir við þá mjóu eru að þeir komast betur í fleygaholur, grófir og grunnar sprungur; Þó gagnast þeir helst stigaklifurum, því fyrir venjulegt klifur er meira gagn af meira viðnámi og styrk venjulegu gerðarinnar.

Þá er ótalinn einn kostur við Wired Bliss, en hann er sá að fyrirtækið býður upp á ókeypis viðgerðapjónustu á öllum sínum



mynd 10, Big Dude

tækjum, án tillits til hversu miklar skemmdirnar eru eða hvernig þær séu til komnar.

YATES-BIG DUDES

Big Dudes (eða Stórkarlar), frá fyrirtækinu Yates, eru risa-spennikambar í yfirstærðunum 4, 5, 6, 7, miðað við venjulega Vini. Þeir eru hannaðir til að tryggja ÓVÍDDAR (off-width) sprungur, þ.e. sprungur sem eru of stórar fyrir hnefadjömm en of litlar til að hægt sé að koma líkamanum inn í þær. Þessir kamar

eru með legg úr vírlykkju, sem haldið er í skorðum með tveimur álstöngum. Kambarnir eru stöðugir á öxlinum og gormarnir, sem spenna þá, eru það vel spennir að spennikamburinn skríður lítið: Þó eru gikkhreyfingarnar mjög þægilegar því hægt er að læsa þeim í samandreginni stöðu og þá er hægt að grípa utan um legginn til að koma spennikambinum lengra inn í sprungur.

Helsti ókosturinn við Stórkarla er verðið, en í óviddum er ekkert sem kemur í þeirra stað.

WORLD CLASS

NÝR KLIFURVEGGUR

opnaður 18/3 '92

AFSLÁTTUR FYRIR ÍSALP-FÉLAGA

WORLD CLASS HEILSUSTÚDÍÓ
SKEIFUNNI 19 · SÍMI 35000



Brölt í Eilífsdal

eftir Hallgrím Magnússon

Það var þann þriðja í páskum, eftir blauta dvöl í Skaftafelli, sem við félagarnir, Páll Sveinsson og Guðmundur Helgi Christensen auk undirritaðs, ákváðum að skoða eitthvað „nýtt“ í Eilífsdal. Í raun hélt ég að allt „nýtt“ væri búið á þeim slóðum. Helgi var þó búinn að grafa upp síðustu augljósu leiðina í einhverri af mörgum ferðum sínum um þennan dal.

Leiðin liggur vinstra megin við Einfara, á Eilífstind að norðanverðu og svo upp hrygginn sunnan hans og upp stafnið sem blasir við er gengið er inn dalinn.


Veðrið ætlaði að leika við okkur þennan síðasta dag páska, þokuslæðingur en sólin skein inn á milli.

Eftir að snjóbrekkunni undir leiðina lauk, gerðum

við okkur klára fyrir klifrið. Helgi hvarf fljótlega upp í þokuna með línurnar. Ég fór í humátt á eftir honum og vonaði að hann myndi nú stoppa fljótlega, ég hafði ekki nokkurn áhuga á neinu „sólótrippi“ í þessari ferð. Hann beið undir fyrstu „erfiðleikunum.“ Okkur biðu rösk klettabelti, ís, mosi og snjór. Spannirnar tóku við hver af annarri, þar sem ægði saman öllum útgáfum af vetrarklifri. Í þriðju spönn, þegar ég klifraði upp undir Eilífstind, var veðrið farið að versna, snjómugga lagðist á klettana og torveldaði klifrið. Ég taldi mig þó eygja leið upp á tindinn í gegnum mugguna. Þetta var jú draumaleið Helga og hún átti að fara beint upp á tindinn að norðan en ekki fyrir hann sem er nokkuð auðsótt mál. Ég kom mér fyrir og tók félagana upp.



Ísfoss í Hvalfirði. Úr safni Hallgríms Magnússonar



Úr Skerinu í Eilífsdal. Myndirnar tók Páll Sveinsson

Spönnin var Helga og hans beið erfitt hlutskipti, lítill mosi, enginn ís og ekki auðveldaði snjómoksturinn. Eftir 1 1/2 klukkustundar stundur komst hann upp. Yndislega veðrið var var ekkert yndislegt lengur og tvær grímur farnar að renna á okkur brattgengishetjurnar, þar sem við sátum á Eilífstindi — þrjár síminnkandi sálir — og horfðum upp stefnið sem var vægast sagt ófrýnilegt í þessu veðri. Allir vildum við snúa við en enginn sagði múkk og við komum okkur upp á hrygginn undir stefninu, settumst þar klovvega og horfðum. Stefnið var þarna 15-20 m fyrir framan okkur, 30-40 m hátt, og skánaði ekkert í návígi. Eftir of miklar umræður var nær allur kjarkur farinn úr okkur félögum en Páll ákvað þó að fíkra sig út eftir hryggnum og skoða nánar. Eftir langa þögn

stakk Páll upp á því að snúa við og klára þetta „lítílraði“ á túttum við almennilegar aðstæður. Það var greinilegt á röddinni að honum leist ekkert á þetta. Hann beið eftir svari en fékk ekkert frá okkur Helga. Við ákváðum að leyfa honum að hugsa sinn gang án okkar afskipta. Gamalt bragð sem oft virkar mjög hvetjandi á félagann (a.m.k. Palla). Við sátum bara, horfðum hver á annan og reyndum með litlum árangri að berja í okkur kjark á meðan við biðum eftir að hann léti sig og legði í hann. Eftir drygklanga stund heyrðist í honum: „Jæja jæja, ég fer þá!“ Sálarstríðið var unnið og hann lagði í síðasta og erfiðasta hluta þessarar leiðar, 2-3 klst síðar sátu litlu sálirnar sælar og fullnægðar eftir skemmtilegustu og trúlega erfiðustu vetrarklifurleið sem ég a.m.k. hef lagt að baki.

Þessir hafa styrkt útgátuna

Kolburstagerðin Kórall sf

Vesturgötu 55 s. 16484

Harðfisksala

Fálkagötu 14 s. 25069

Insúla hf

Álafossvegi 40, s. 668067

Vestfjarðaleið

Sætúni 4 s. 29950

Rakarastofan Dalbraut

Dalbraut 1 s. 686312

Augnsýn

Reykjavíkurvegi 62, Hafn.
s. 652789

Bókaútgáfa Guðjóns Ó.

Fréttapistill

umsjón Guðjón Snær Steindórsson og Snævarr Guðmundsson

Fréttapistill ársins greinir frá helstu atburðum frá hausti 1990 til áramóta 1991 - 92.

Klettaklifur var mun meira áberandi á síðasta ári heldur en ísklifur. Ástæðuna má rekja til þess hversu umhleypingasamt veðrið var yfir vetrarmánuðina. Góðar aðstæður voru til ísklifers í janúar '91 en rigning og hlýindi eftir það héldu mönnum frá verki fram undir páska.

Af erlendum vettvangi bar helst til tíðinda að nokkrar Alpa- og Evrópu ferðir voru farnar af Ísalp félögum ásamt árangursríkri ferð til Bandaríkjanna nú í haust. Einnig fórst félagi í Ísalp á sviplegan hátt á fjallinu Pumo Ri í Nepal. Fleiri slys áttu sér stað á árinu og eru tíð slys á síðustu árum orðið alvarlegt umhugsunarefni.

gráðu, en hana klifu þeir á einum degi. Jón Haukur og Hallgrímur klifu einnig **Rebuffat leiðina** á S-hlið Aiguille du Midi og í lok ferðar klifu þeir, Jón Haukur og Guðni, **Brenva Spur** á Mt. Blanc. Þótti ferðin takast með ágætum þrátt fyrir meiri vætu en pöntuð hafði verið.

Páll Sveinsson fór ásamt Hallgrími Magnússyni í Alpana í júlí. Hóf Páll ferðina með því að vera fararstjóri nokkurra félaga FÍ á Mt. Blanc, en á meðan klifraði Hallgrímur þrjár leiðir með félögum HSSK (sjá framar). Þegar Páll hafði lokið fararstjórninni, klifruðu þeir saman nokkrar leiðir á Chamonix svæðinu. Fyrst fóru þeir **Swiss Route**, sem liggur upp suðurhlíð **Grand Capucin**, hreina 300 m granítleið af TD+ gráðu.

Daginn eftir fóru þeir á **Risatönnina**. Lögðu þeir af stað við sólarupprás og voru því þeir einu í leiðinni fram eftir morgni. Mæla þeir eindregið með þessu fyrirkomulagi ef menn vilja sleppa við biðröð. Í staðinn þurfa klifrarar að þola smá kulda. Síðar var farin **Vaucher-route**, sem er 500 m TD leið, en hana fóru þeir aðeins á 6 tímum og **Pyramid Du Tacul**, 200 m granítleið af gráðunni D. Að lokum fóru þeir **Tour Ronde hrygginn** á Maudit sem er á milli Mont Blanc du Tacul og Mt. Blanc. Er þetta mjög löng og opin en jafnframt skemmtileg blönduð ís- og klettaklifurleið af gráðu D+. Þegar upp hrygginn var komið var áfram haldið upp á Mt. Blanc og þaðan niður Grand Mulet leiðina.

FJALLAMENNSKA

ÚTLÖND

ALPAR

Chamonix

Dagana 11. - 24. júlí voru þrír félagar úr Hjálparsveit skáta í Kópavogi á ferð í Ölpunum. Það voru þeir Guðni Bridde, Jón Haukur Steingrímsson og Valdimar Harðarson. Byrjuðu þeir á að ganga á Mont Blanc du Tacul og voru þá einnig í för með þeim Hallgrímur Magnússon, Katrín Oddsdóttir og Rakel Sif Guðmundsdóttir. Klifu þeir síðan hina víðfrægu „Lummu“ ásamt Hallgrími (D gráða) og **Frendo Spur** á Aiguille du Midi, 1200 m leið af D



Páll Sveinsson og Hallgrímur Magnússon á tindri Grand Capucin. *Úr safni Páls Sveinssonar*

Þeir Heimir Viðarsson og Þórarinn Pálsson voru í Evrópu frá 16. júlí til 13. ágúst. Höfu þeir ferðina á klifri í **Fontainbleu** en héldu síðan til Chamonix þar sem þeir fóru á Tacul. Eftir það fór að rigna svo að þeir skruppu niður á „Rivieru“ til Cassis og klifruðu í klettum. Þegar stytt hafði upp í Chamonix var haldið þangað á ný og farið á „Íslendingaslóðir“ þ.e. „Lummuna“, Risatönnina, **Rebuffat** á Midi, Mt. Blanc og **Pyramid du Tacul**. Að lokum fóru þeir til Zermatt og upp á **Matterhorn**.


Í byrjun júlí brugðu þeir feðgar Haraldur Örn Ólafsson og Ólafur Örn Haraldsson, sér í Alpana. Þeir fóru á Mont Blanc eftir hinni hefðbundnu **Gouter-leið**. Ferðin gekk vel nema Haraldur varð hæðarveikur og varð að láta staðar numið í Vallot skálanum (4362 m) en Ólafur náði tindinum.

Í júlí í sumar var Tómas Halldórsson á ferð í Ölpunum. Fór hann meðal annars á Mt Blanc og vildi svo skemmtilega til að á leið á toppinn hitti hann Pál Sveinsson ásamt einum félagi í F.Í. og urðu þeir samferða. Þurftu þeir síðan í sameiningu að berjast í stormi á niðurleiðinni. Einnig fór Tómas á Matterhorn.

NEPAL

Pumo Ri (7125 m).

Í haust bauðst Ara K. Gunnarssyni, Ísalpfélaga frá Akureyri þátttaka í breskum leiðangri á fjallið Pumo Ri í Nepal. Hann fór til Skotlands í Sept. '91 þar sem hann hitti félagi sína í leiðangrinum; 7 breta undir forystu Malcolms Duff. Þeir höfðu leyfi til að klífa SA-hrygg fjallsins. Leiðangurinn gekk vel og þeir komu sér upp búðum við og á fjallinu. Efstu búðir voru í 6200 m. hæð. Ara gekk vel að aðlagast hæðinni, hann var því í hópi þeirra sem gat reynt við sjálfan tindinn. Tveir hópar úr leiðangrinum ætluðu sér á tindinn, sá fyrri, leiðangursstjórinn og kona hans ásamt þriðja manni komust öll á tindinn í sæmilegu veðri. Síðari ferðina á tindinn ætluðu Ari og einn breti að fara daginn eftir (þann 9. október) en bretin treysti sér ekki þegar að til kom. Ari var ekki á því að gefast upp, ætlaði einn en ákvað svo að vera samferða þjóðverja úr öðrum leiðangri sem var á sömu leið.



Undir þakinu á Gran Capucin. *Ljósm. Hallgrímur Magnússon.*

Uppgangan úr efstu búðum sóttist þeim vel og náðu þeir tindinum í prýðilegu veðri. Niðurgangan gekk vel í fyrstu og var Ari á undan félagi sínum þegar óhappið varð. Í u.þ.b. 6800 m. hæð steypist hann framyfir sig, útaf hryggnum og úr auglýn niður hlíðina. Þýski samferðamaður hans sá ekki atburðinn en félagar Ara, sem voru á fjallinu neðan við efstu búðir sáu hvað gerðist. Þeir hafa enga skýringu á slysinu aðra en þá að ís hafi hrunið á Ara með fyrr greindum afleiðingum. Aðalleitin fór fram daginn eftir með þátttöku allra leiðangra á staðnum. Þeir fundu lík Ara djúpt í jaðarsprungu nokkrum hundruð metra neðar í hlíðinni. Var engum blöðum að fletta um afdrif Ara. Ógerlegt reyndist að ná líkinu upp vegna hengja og snjóflóða ofan við sprunguna og urðu leiðangursmenn að láta þar við sitja. Þegar þetta er skrifað hafa þrír íslendingar klifið fjallið og komist á tindinn, þar af tveir eftir nýrri leið, en allir hafa farist. Ekkert fjall er þess virði að mannlífi sé fórnað fyrir það.

Trapselle (5.650 m)

Í Október 1990 var Tómas Halldórsson í ferð með Útivist á leið í aðalbúðir Everest leiðangra (5.500 m). Fór hann þá ásamt einum sérpa á fjallið.

ÍSLAND

SUÐ-AUSTURLAND

Fallastakkanöf

Hin stórglæsilega klettaklifurleið Orgelpípurnar var klifin í þriðja sinn

sumarið '90. Þar voru á ferð Björn Baldursson, Stefán Smárasón, Árni G. Reynisson og Árni Birgisson. Gekk klifrið ágætlega en leiðin er þriggja spanna 5.10, 5.10, 5.9.

Karl-Kerling-Snókur-Fingurbjörg

Þeir félagar í Hjálparsveit skáta í Kópavogi, Björgvin Richardsson, Einar Stefánsson og Valdimar Harðarson voru á ferð á Vatnajökli í apríl síðastliðnum. Var tilgangur ferðarinnar að vera fyrstir til að klífa Karlinn sem stendur á barmi Kálfafellsdals í Suðursveit. Klifrið var um 30 m og tók um 1 klst. Klífu þeir einnig Kerlingu sem er við hlið Karlsins. Einnig fóru þeir á Fingurbjörg í Mávabyggðum og Snók í Esjufjöllum.

Humarkló í Heinabergsfjöllum

Í júní voru þeir Björgvin og Valdimar aftur á ferð á Vatnajökli ásamt Guðna Bridde. Frumklífu þeir Humarkló sem er 80 m há klettaspíra í Heinabergsfjöllum. Tók klifrið um 4 klst sökum þess hversu bergið var laust í sér.

Kirkjan

Í vetur fór Einar Stefánsson ásamt sex öðrum félögum úr HSSK á Kirkjuna og er það örugglega fjöldamet.

Hrútfjallstindar

Þann 17. júní klífu þeir Dagur Jónsson, Halldór Magnússon og Ragnar Haraldsson suðurhlíðarnar á

Hrútfellstindum. Gengu þeir inn Svínafellsjökul að kveldi og klifu síðan hrygginn upp á eystra Hrútsfjallið í býtið morguninn eftir. Tók klifrið og niðurferðin þá félaga 15 1/2 tíma.

Þumall

Það var rólegt yfir Þumli þetta árið; aðeins ein tilraun gerð við hann svo vitað sé og var þar Alpaklúbburinn á ferð. Þurftu þeir frá að snúa vegna veðurs, sjá nánar í pistli um félagsstarfið.

Skarðatindur

Um páskana voru tveir hópar sem hugðust reyna við hinn glæsilega og hrikalega austurvegg Skarðatinds en þurftu báðir frá að hverfa vegna mikillar snjóflóðahættu. Þetta voru þeir Páll Sveinsson og Guðmundur Helgi Christensen annarsvegar og Doug Scott og félagar (sjá Snæfellsnes) hinsvegar.

Vatnajökull

Seinnipart júní gengu þrír fedgar, þeir Haraldur Örn Ólafsson, Ólafur Örn Haraldsson og Örvar Þór Ólafsson, ásamt Ingimundi Stefánssyni yfir Vatnajökul. Þeir lögðu af stað frá Sigurðarskála í Kverkfjöllum 23. júní. Veður var eins gott og best var á kosið, sólskin og logn alla ferðina. Þeir gistu eina nótt í Grímsvötnum og tóku síðan stefnuna á Hermannaskarð. Þann 29. júní náðu þeir Öræfajökli, klifu Hvannadalshnúk og fóru niður Sandfellsleið.

SUÐURLAND

Þórsmörk

Mjóni

Sextíu metra ísfoss af gráðunni IV-V (IV+) gráðu. Ísfossinn samanstendur af tveimur mjóum tíumetra ískertum sem standa hvort upp af öðru, eftir það er strembið klifur

upp íshröngl. Ísfossinn var klifinn um áramótin 90-91. Fossinn er á milli Skagfjörðsskála og göngubrúarinnar yfir Krossá í Þórsmörk. FF: Páll Sveinsson og Guðmundur Helgi Christensen.

Ingimundur

S fyrir Stratos IV - V, 50 m FF: Stefán Smáráson og Björn Baldursson. Síðastliðið sumar fóru Stefán Smáráson og Björn Baldursson nýja leið á dranginn Ingimund í Steinafjalli undir Eyjafjöllum. Klifurleiðin er um 50 m löng í góðu bergi.

SUÐVESTURLAND

Esja

Grafarfoss

Þeir voru margir sem lögðu leið sína í Grafarfossinn síðastliðinn vetur (90-91) enda var hann snemma vel frosinn. Eru dæmi þess að á góðum




Stemning í Ölpunum. Úr safni Páls.



Mjóni í Þórsmörk. Ljósmynd Óskar Helgi Guðjónsson.



Í Kerlingu. Úr safni Hallgríms Magnússonar.



Stefán S. Smárason í snörpu klifri. Úr safni Stefáns.

degi hafi legið við að biðröð myndaðist við hann.

Leið Þekktu mannanna

Vinstra megin við leið nr.1, II - III gráða; byrjar niðri og liggur upp og endar efst! FF: 20. nóv. 91. Jón Þorgrímsson og Sigursteinn Baldursson.

Búahamrar

Fimm nýjar leiðir hafa bæst við á síðasta ári. Björn Vilhjálmsson og Snævarr Guðmundsson klifruðu tvær leiðir í höfðanum austan Flatnasa (II - III og 5.7). Snævarr, Björn Vilhjálmsson og Árni Tryggvason klifruðu leið í hvilftinni austan Loka (leið 35) af IV gráðu; tvær spannar.

Snævarr og Árni Tryggvason fóru einnig eina leið í höfðanum austan Flatnasa (5.6).

Að lokum má geta nýrrar boltaðrar klettaleiðar vestan Flatnasa, Rauða turnsins (5.9) sjá sportklifurpistil.

Blikdalur

Vegvisir er níutíu metra IV-V gr. (IV+) ísfoss í botni Blikdals í Esjunni. Fossinn var klifraður í fjórum stuttum spönnum. Aðalerfiðleikarnir fólust í tveimur litlum þökum og lengd leiðarinnar. Þegar fossinn er í góðu ástandi er hann með skemmtilegustu leiðum sem hægt er að klifra, segir Páll Sveinsson, annar þeirra sem leiðina fóru. Mestar líkur eru á að leiðin sé í góðu ástandi seinni hluta vetrar eftir snjólétt tímabil. FF: Apríl 91 af Páli Sveinssyni og Guðmundi Helga Christensen.

Eilífsdalur

Þilið

Þilið (110 m, V- 5) er ísfoss í botni Eilífsdals til hægri við Einfara. Leiðin er tvær tæplega fjórtíu metra langar spannar og ein þrjátíu metra. Síðasta spönnin er annað hvort slútandi íspak eða langt og mjótt ískerti. Það tekur allan daginn að klifra fossinn og er hann eflaust ein allra erfiðasta ísleið á

Íslandi. FF: febrúar 91 af Páli Sveinssyni og Guðmundi Helga Christensen.

Tjaldið

Tjaldið (110 m, V - 5) er ísfoss í botni Eilífsdals milli Einfara og Þilsins. Leiðin skiptist í þrjá hluta. Fyrst er IV. gr. ísfoss, síðan íslaus kaflir sem kemur undir ískerti og loks lóðrétt snjóklifur sem endar í hengju. Leiðin fær heildargráðuna V en er þó íslausi kaflinn erfiðastur. FF: Mars 91 af Páli Sveinssyni og Guðmundi Helga Christensen.

Stefnið

Stefnið í Eilífsdal (80 m, V-5) er blönduð mosa-, kletta- og ísleið. Hún liggur af Eilífstindi og áfram upp hrygginn og síðan upp stefnið. Aðalerfiðleikarnir eru síðustu þrjátíu metrarnir. FF: Af Páli Sveinssyni, Guðmundi Helga Christensen og Hallgrími Magnússyni um Páskana '91.



Pöstin undir Eyjafjöllum *Úr safni Stefáns.*

HVALFJÖRDUR

Reynivallaháls

Fimm nýjar leiðir litu dagsins ljós síðasliðinn vetur í Reynivallahálsi. Eru þetta allt íslænur af svipaðri erfiðleikagráðu þ.e. III og IV. Fallegar leiðir og hóflega erfiðar. Björn Vilhjálmsson, Snævarr Guðmundsson og Árni Tryggvason klifu þær allar á tveimur helgum í janúar. Leiðirnar eru allar á svipuðum slóðum og má sjá þrjár þeirra í áður útgefnum leiðarvísi um Hvalfjörð.

Þyrill

Afbragð heitir nýtt afbrigði af leið nr. 6 (sjá leiðarvísi um Hvalfjörð). Það klifruðu Snævarr Guðmundsson og Guðjón Snær í maí (gr. 5.9). Sama dag fóru Björn Baldursson og Stefán Smárasón nýja leið í Þyrli, milli leiða nr. 7 Faxe og nr. 8 Spýjunnar. Gráðuðu þeir hana 5.10.

Guðjón Snær og Snævarr Guðmundsson fóru svo nýja leið í Þyrli í júlí; þriggja spanna leið (5.10 +, 5.4, 5.7). Er hún v. megin við leið nr. 4 Í Grófinni, og einhver albeste leiðin í Þyrli, að frumfaranna sögn.

SKARÐSHEIÐI

Í frostaköflum vetrarins voru oft mjög góð skilyrði til ísklifurs í Skarðsheiði, enda lítill snjór en mikill ís. Skessuhornið var vinsælt og NV - veggurinn margsinnis klifinn.

Sólei

Leiðin í Skarðshorni var einfarin af Guðmundi Helga Christensen.

Einnig var farin ný leið við hliðina á Sólei (4 gr.). Hana fóru þeir Guðjón Snær og Haraldur Ólafsson um Páskana. Liggur hún upp hvílt vinstra megin við Sólei.

VESTUR- OG NORÐURLAND

Um páskana var Doug Scott á ferð hér á landi á vegum Davids Oswins ásamt þremur öðrum klifurum. Fóru þeir austur í Skaftafell og síðan á Snæfellsnes. Gengu þeir á Snæfellsjökul frá Ólafsvík og þótti það ansi langt rölt. Klifruðu þeir einnig einhverjar íslænur í Kolbeinsstaðafjalli og klettaleiðir einhverstaðar á nesinu, Doug var ekki viss hvar.

SPORTKLIFUR

ÍSLAND

Sportklifrið er afar vinsælt meðal fámenns hóps í Ísalp. Árið 1991 var enn blómlegra en árið 1990 og fjöldamörg sportklifursvæði heima og erlendis voru heimsótt. Blíðviðri sumarsins hjálpaði mikið til og var fjöldi nýrra leiða farinn.

Klifurkeppni

Fyrsta maí var haldin önnur klifurkeppni Ísalp og að þessu sinni í

samstarfi við Slysavarnasveitina Fiskaklett í Hafnarfirði. Fór keppnin fram í stórskemmtilegum klifurvegg þeirra Hafnfirðinga.

Klifraðar voru þrjár leiðir og sex stigahæstu úr tveimur fyrri leiðunum kepptu til úrslita í síðustu leiðinni. Úrslit urðu þau að Björn Baldursson bar sigur úr býtum; var hann sá eini er náði að klifra allar leiðirnar. Annar varð Snævarr Guðmundsson og Árni G. Reynisson í því þriðja. Umsjónarmaður og leiðahönnuður var Björn Vilhjálmsson og þótti mönnum honum hafa tekist í alla staði vel, enda leiðirnar skemmtilegar til klifurs og á að horfa.

AUSTURLAND

Miðskjól

Í sumar byrjuðu menn að einbeita sér að nýju klifursvæði í klettabelti sem er við Hnappavelli undir Örafajökli. Er þetta mjög skemmtilegt svæði sem býður upp á mikla möguleika og margar leiðir. Hafa nú þegar verið klifraðar nokkrar leiðir bæði boltaðar og óboltaðar. Góð aðkoma er að klettunum; hægt að keyra að þeim og einnig er þar gott tjaldstæði. Nýju leiðirnar eru:

Vöflujárnið (5.9, 15 m. FF: Stefán Smárasón, Björn Baldursson og Snævarr Guðmundsson). Sársaukafull spennitakaleið sem liggur upp beina sprungu; auðtryggð.

Sirkus heitir erfiðasta leiðin á svæðinu, enn sem komið er. Flóknar og erfiðar hreyfingar í upphafi leiðar (5.12 15 m 5 boltar. FF: Snævarr Guðmundsson).

Horn tangó (5.9, 15 m, boltuð FF: Stefán Smárasón og Björn Baldursson).

Litla yfirsjónin (5.10b, 15 m. FF: Björn Baldursson, Snævarr Guðmundsson og Páll Sveinsson).

SUÐURLAND

Pöstin

Tvær nýjar leiðir voru klifraðar í Pöstunum í sumar og er önnur þeirra boltuð.

Snúður (5.8, 20 m. FF: Björn Baldursson og Árni Gunnar Reynisson).



Skinnhúfuklettur í Vatnsdal. Ljósmynd Páll Sveinsson.

Geirvartan (5.10b, 18 m., boltuð, FF: Björn Baldursson, Stefán Smáráson og Snævarr Guðmundsson).

SUÐVESTURLAND

Valshamar

Vaknað upp við vöndan draum (5.10c/d, 20 m. FF: Björn Baldursson).

Augnablik (5.11c, 20 m. FF: Björn Baldursson).

Leirvogsgil

Nornadans (5.11d, 7-9 m. FF: Björn Baldursson).

Albatros (5.11c, 7-9 m. FF: Björn Baldursson).

Kverkin (5.9+, 7-9 m. FF: Björn Baldursson).

NORÐURLAND

Skinnhúfuklettur í Vatnsdal

Nýtt klettaklifursvæði er nú að líta dagsins ljós. Er það í Skinnhúfuklettum í Vatnsdal. Hamarinn er um 20 m. og 100- 200 m langt klettabelti og á vinstri hönd þegar ekið er inn dalinn. Aðeins er um 5 mín. gangur frá vegi að leiðunum og eru þær allar boltaðar. Leiðirnar sem komnar eru heita:

Mýramóri (5.11a, 20 m. FF: Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson).

Köngulármaðurinn (5.11c, 20 m. FF: Björn Baldursson).

Pálsleið (5.10a, 20 m. FF: Páll Sveinsson).

Þar sem beljurnar fljúga á eyrunum yfir vötnin (5.12a, 20 m. FF: Björn Baldursson og Snævarr Guðmundsson).

Tarfarnir í túninu (5.11a, 20 m. FF: Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson).

Næturdraumur (5.10b, 20 m. FF: Árni Birgisson).

Mórauður í mýrinni (5.11c-d, 20 m. FF: Björn Baldursson).

Steinbarn (5.11d, 15 m. FF: Snævarr Guðmundsson).

Munkaþverá

Undir brúnni, heitir tíu metra löng klettaklifurleið í Munkaþverárgili á Akureyri. Er hún efsta leiðin í gílinu til þessa, og segir heiti hennar til um nánari staðsetningu. Leiðin var fyrst klifin „bleikpunkt“, þ.e. allar tryggingar til staðar og tilbúnar, því leiðin er tortryggð (5.8, 10 m. FF: júní '91 af Páli Sveinssyni).

Stálhnefi (5.11c, boltuð. FF: Stefán Smáráson og Björn Baldursson).

ÚTLÖND

EVROPA

Í byrjun mars fóru þeir Stefán Smáráson og Björn Baldursson í mánaðarferð til Suður-Frakklands þar sem flakkað var á milli klifursvæða. Fyrsta svæðið sem þeir heimsóttu heitir **Volx**. Á þessu svæði slúta flestar leiðir og eru mjög erfiðar. Þar voru

farnar nokkrar leiðir af erfiðleikagráðunum 6b (5.10b/c) - 7b (5.12a/b). Næsti áfanginn var **Cimai** sem er skammt norðan af Toulon og var dvalið þar í um vikutíma. Voru nokkrar leiðir rauðpunktaðar og voru þær af gráðunum 6a - 7a+. Þar á meðal var hin fræga og stórglæsilega leið Rodeo 7a. Frá Cimai var ekið til **Sisteron** og þaðan til **Orgon**. Í Orgon var klifrað í viku og voru leiðirnar af erfiðleikagráðunum 6a - 7a og ein leið af gráðunni 7c sem Birni tókst að rauðpunkta. Að þessari viku liðinni var haldið á nýtt svæði hjá Buoux sem heitir **Font-Jouval** en þar er bergið gróft og óslípað. Klifraðar voru leiðir á bilinu 6a til 7b. Þarna hittu þeir Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson og slógust í för með þeim til Grenoble þar sem Jón býr. Fór Jón með þá á eitt af heimasvæðum sínum, **Presles**, sem er u.þ.b. 250 m hátt klettabelti og nokkura km langt. Þarna er fjöldinn allur af fjölspannaleiðum og margar boltaðar. Á páskaðag var leiðin Páskaliljurnar 5+ klifuð. Önnur leið var klifin daginn eftir sem hét Philflip og voru í henni spannar með erfiðleikum af gráðunum 6b - 6c. Að þessu loknu var Snævarri skutlað til Lux og síðan haldið til **Fontainbleu** og klifrað þar til að heimferð kom.

Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson voru einnig í klifurferð í S-Frakklandi á svipuðum tíma og þeir Björn og Stefán. Þeir fóru fyrst til klifursvæðis sem heitir **Russan**, en þar klifuðu þeir leiðir af gráðunum 6a- 7b. Einnig var klifrað á öðrum þekktum og lítt þekktum svæðum, t.d. **Collias** og **Orgon**, uns þeir hittu þá Björn og Stefán í Buoux (sjá ofar). Í **Presles** klifu Jón og Snævarr leiðina Philflip, fyrri daginn og svo seinna daginn leið sem gráðuð er ED, en hún innihélt spannar af gráðu 6a+-6c+ auk hreyfinga af 7a+.

Í ágúst hittust nokkrir Íslendingar í **Finale Ligure** á Ítalíu, en það voru Guðjón Snær Steindórsson, Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson og konur þeirra. Ákveðið hafði verið að klifra saman í nokkra daga áður en Guðjón héldi heim til Íslands. Guðjón var að ljúka þriggja vikna ferð um S-Frakkland og N-Ítalíu. Aðallega klifraði hann í **Cimai** og **Finale**, en kom einnig við í **Buoux** og **Cassis**, og

voru það leiðir af gráðunum 5+ - 6b. Snævarr og Jón fóru síðan til S-Frakklands og heimsóttu nokkur klifursvæði þar.

BANDARÍKIN

28. ágúst héldu fjórir félagar til Bandaríkjanna. Þetta voru þeir Stefán Smáráson, Árni Birgirsson, Árni G. Reynisson og Björn Baldursson.

Byrjað var á því að fara til **Boulder** í Colorado fylki. Þar rifjuðu menn upp ýmsar hreyfingar í klifurveggjum Cats Gym. Einnig voru klifursvæði í grenndinni skoðuð en vegna fyrirhugaðra áforma var ekið af stað til svæðis sem heitir **American Fork** í Utah, rétt austan við Salt Lake City. Þar var dvalið í nokkra daga og hinar ýmsu leiðir klifnar af gráðunum 5.10a - 5.12+ (5+ - 7a/b). Þetta svæði minnir einna helst á sum kalksteinssvæði í Evrópu.

Þaðan var svo haldið til svæðis sem heitir **City of Rocks** og er í Idaho fylki. Það svæði er þakið stórum granítblokkum og er mjög fallett, staðsett í 2000 m hæð og er því loftið gott og tært. Þarna var dvalið í viku og farnar leiðir af gráðunum 5.8 - 5.12b (5 - 7b). Á kvöldin var svo setið við varðeld og spjallað við klifrara frá öllum heimshornum.

Frá City of Rocks var svo ekið til **Smith Rocks** í Oregon fylki sem er eitt þekktasta sportklettaklifursvæði Bandaríkjanna. Þar voru klifraðar fjölmargar leiðir en ber helst að nefna að Stefán klifraði leiðina Rawhide 5.11d (7a) „on sight“, Árni Birgirsson fór Reason to be 5.11a (6c), Árni G. Reynisson fór Overbord 5.11b (6c+) og Björn Baldursson Chain Reaction 5.12c (7b+).

Frá Smith Rocks var haldið til **Yosemite** í Kaliforníu með viðkomu á svæði sem nefnist **Tuolumne Meadows**. Einnig var farin löng leið á tind sem heitir Cathedral. Í Yosemite var mikið klifrað og leiðir eins og Outer Limits 5.10c (6b) og Cookie Monster 5.12b (7b) farnar. Jafnframt var reynt við hina frægu leið Separate Reality. Þrjár lengri leiðir voru farnar á Cathedral Spire, þær voru: Higher Cathedral Spire 120 m, Braille Book



Frá klettunum sunnan við Hnappavelli, rétt austan við Fagurhólsmýri. *Ljós. Árni G. Reynisson.*

5.8 (5) 280 m og Northeast Buttress 5.9 (5+) 350 m.

Frá Yosemite var haldið á svæði sem heitir **Owes River George** í Kaliforníu. Þar voru farnar leiðir af gráðunum 5.10a - 5.12b (6a - 7b).

Joshua Tree var næsti viðkomustaður en það svæði var ekki eins áhugavert og menn áttu von á. Var því haldið fljótlega þaðan til **Red Rocks** í Nevada fylki, rétt vestan við Las Vegas. Sökum vinnuframkvæmda var svæðið lokað, svo haldið var til **Virginia Gorge** sem er kalksteinssvæði í Arizona. Eftir fimm daga þar var aftur haldið til Red Rocks. Þar voru farnar margar leiðir og má þaðan helst nefna, að Árni G. fór leiðina Fear and Loathing 5.12a (7a+) og Björn B. fór leiðina Nothing's Shocking 5.13a (7c+).

Frá Red Rocks var stefnan tekin á **Indian Creek Canyon**. Þar voru farnar leiðirnar Super Crack 5.10b/c og Super Corner 5.12a, ásamt mörgum öðrum. Í lokin var farinn hinn þekkti klettturn Castleton Tower og var það góður endir á velheppnaðri þriggja og hálfsmánaðar ferð.

Enn frá Evrópu

Í september var Tómas Halldórsson á ferð í Frankenjura. Klifraði hann nokkrar leiðir gráðaðar á bilinu 5a - 6a.

Ýmislegt

Í sumar kom Reinold Messner hingað til lands á vegum austurríska sjónvarpsins ORF. Var verið að gera mynd um Draumalandið hans.

Upphaflega var ætlunin að fara til Tíbet en sökum erfiðra aðstæðna í landinu varð Ísland fyrir valinu. Var farið vítt og breitt um landið í fylgd Helga Ben og myndaðir helstu sögustaðir. Að sögn Helga var Messner hrifinn af landinu og hyggst koma hingað aftur í janúar '92 á leið sinni til Grænlands þar sem hann áætla að ganga yfir Grænlandsjökul.

Nýjustu fréttir herma að þeir félagar hafi þurft að snúa við af jöklinum. Ísalfélagar mega eiga von á því að lesa í næsta riti (sem verður fyrr á ferðinni en nokkurn grunar!) stutt viðtal sem Haraldur Örn Ólafsson tók við kappann áður en hann fór til Grænlands.

Allir sem luma á efni sem ætti erindi á þessar síður eru hvattir til að hafa samband við umsjónarmenn fréttapistils. Munið að fréttapistillinn verður ómetanleg heimild um klifur og fjallamennsku eftir því sem fram líða stundir.



Á Mt. Blanc. Ljós. Hallgrímur Magnússon

ISLAND GORE-TEX SUPERPROOF MEINDL



gönguskór

**Vatnsheldir
Léttir
Þægilegir**

Verð kr. 13.780,-

GORE-TEX – LADY SUPERPROOF MEINDL



Dömugönguskór

**Vatnsheldir
Léttir
Þægilegir**

Verð kr. 11.600,-




SENDUM Í
PÓSTKRÖFU
UM LAND
ALLT.

ÚTILÍF ^H/_F

Glæsibæ, sími 812922.

EURO – VISA
RÁÐ
SAMNINGAR

Klifurkeppnin 1991



Svipmyndir frá velheppnaðri klifurkeppni Ísalp og Fiskakletts í Hafnarfirði.

Að neðan sjást sigurvegararnir ásamt Birni Vilhjálmssyni.



Félagsstarf Ísalp

umsjón Stefán S. Smárason



Ferðir og námskeið

Laugardaginn 10. nóv. 1990 fór sex manna hópur inn í Landmannalaugar. Ætlunin var að ganga á Hábarm en þoka og mistur aftraði því. Þess í stað fór hópurinn inn í Grænagil og upp á Bláhnúk. Fararstjóri var Linda Björk Þórðardóttir.

Laugardaginn 24. nóv. var ferð upp á **Vífilsfell**. Gönguleiðin úr Jósepsdal fór fimm manna hópur og komust á tindinn. En í klifurleiðina á NV hliðinni fór þriggja manna hópur en komst ekki á tindinn. Fararstjóri var Haraldur Örn Ólafsson.

Þann 9. feb. 1991 fór fjögurra manna hópur í **Skarðsheiðina**. Tveir fóru norðurvegg Skessuhorns en hinn hluti hópsins skrölti um nærliggjandi holt og hlíðar. Fararstjóri var Guðmundur Helgi Christensen.

Helgina 22.-24. febrúar fór sautján manna hópur á Snæfellsnes. Á laugardeginum var farið á **Snæfellsjökul** en á sunnudeginum var klifrað í Gerðubergi. Gist var á Lýsuhóli. Fararstjóri var Árni Birgisson.

Vetrarnámskeið var haldið 9.-10. mars og fór það fram í Kötílunum undir Skessuhorni. Nemendur voru sex og gistu þeir í tveimur snjóholum. Leiðbeinendur voru Guðmundur Eyjólfsson og Hjörleifur Finnsson.

Úr frábæru veðri á Snæfellsjökli í febrúar '91. *Ljós. Jón Þorgrímsson*



Anna Lára og Pétur Ásbjörnsson á Tungnafellsjökli sumarið '91. *Úr safni Önnu*

Sunnudaginn 26. maí var farin **vinnuferð í Stardal**. Var sáð fræjum sem fengust gefins hjá Sölufélagi garðyrkjumanna og lagður göngustígur frá Leikhúsinu að Miðhömrum. Tíu manns mættu til verka og verkstjóri var Árni Tryggvason.

Klettaklifurnámskeið var haldið 1.-2.júní. Nemendur voru 12 og kennararnir þrír; þeir Björn Vilhjálmsson, Snævarr Guðmundsson og Páll Sveinsson.

Glerárdalsferðinn sem átti að vera helgina 14.-17 júní var breytt í Öreafaferð og hélt hópur klifrara sig á **Hnappavöllum og Fagurhólsmýri** en þar er hefur uppgötvast frábært klifursvæði.

Í júní var skálinn **Bratti** í Botnssúlum tekinn í gegn og málaður af fjórum dugnaðar konum. En umsjón með verkinu hafði Anna Lára Friðriksdóttir. Til að veða upp á móti dugnaði kvennanna fór Jón Þorgrímsson nokkrar vinnuferðir upp í skálann. Var gert við reykháfinn, settir hlerar fyrir hurðina, þröskuldur hækkaður og fleira.

Jöklanámskeið var haldið helgina 29.-30. júní í Kerlingarfjöllum. Nemendur voru sex, en þar var líka hópur (sex manns) úr klúbbum í skíðaferð. Um námskeiðið sá Torfi Hjaltason.

Um miðjan júlí fór fimm manna hópur í Skaftafell til að klífa **Pumal**. Þegar að tindinum kom hafði þokubakki hulið hann þannig að menn þurftu frá að hverfa. Fararstjóri var Sigursteinn Baldursson.

Klettaklifurmót var haldið 20.-21. júlí í Vatnsdal. Samtals komu sex manns en fleiri mættu láta sjá sig næst.

Tungnafellsjökull var sóttur heim í ágústlok. Sex manns voru í ferðinni og gengu um fjalllendið í kring. Fararstjóri var Pétur Ásbjörnsson.

Föstudaginn 13. sept. fór níu manna hópur í ferð á **Langjökul** og var gengið á Fjallkirkjuna og yfir Hrútfell.



Bratti var orðinn mjög veðraður eftir veturinn. *Ljósm. Anna Lára Friðriksdóttir*



Og svona leit Bratti út eftir heimsóknina í júní! *Ljósm. úr safni Önnu Láru*



Björn Baldursson í kröppum dansi. *Ljósm. Stefán S. Smáráson*



Frá Þumalferðinni. Ljós. Salbjörg Óskarsdóttir



Föngulegur hópur sem gekk á Langjökul. Ljós. S.Ó.



Frá Hrótfjallstindum. Úr safni Helga Benediktssonar.

Fararstjóri í þessari ferð var Guttormur Þórarinnsson.

Ísklifurnámskeið var haldið í lok september í Sólheimajökli. Nemendur voru tólf og kennarar þrír.

Klifurferð í Vífilsfell var farin 12. okt. og klifu þrír félagar vesturvegginn. Fararstjóri var Leifur Örn Svavarsson.

Ísklifurferð í Þórisjökul var breytt Grafarfossferð og voru fimm þátttakendur. Fararstjóri var Guðmundur Helgi Christensen.

Esjuferð var 21. des. og hélt nú manna hópur inn í Eilífsdal og var Einfarinn klifinn. Fararstjóri var Páll Sveinsson.

Skemmtanir

Árshátíð var haldin 16. febrúar og mættu þrjátíu og fimm manns en stólakeppnina vann Brynhildur. Gestgjafar voru Árni Gunnar Reynisson og Linda Björk Þórisdóttir.

Jólaglögg var haldið 21. desember en fáir mættu vegna leitar að tveimur félögum sem saknað var. Umsjón höfðu þær Salbjörg Óskarsdóttir og Sigrún Halldórsdóttir.

Myndasýningar

Þann 14. nóvember 1990 sýndu nokkrir félagar úr Ísalp myndir frá ferð sinni til Grænlands. Voru þetta þeir Ingimundur Stefánsson, Stefán Smárason, Haraldur Örn Ólafsson, Haraldur Grétarsson, Sigursteinn Baldursson og Guðmundur Eyjólfsson. Var sýningin haldin á Holiday Inn hótelinu í Reykjavík og vel sótt.

Í febrúar 1991 sýndi bandaríska fjallgöngukonan Sue Cobb myndir frá ferð sinni á Mount Everest en hún gerði atlögu að fjallinu ásamt bandaríska leiðangrinum „Wyoming Centennial Everest Expedition“.

Var myndasýningin vel sótt og við þetta tækifæri var bókinn „The Edge of Everest“ eftir Sue Cobb seld félögum, og rann ágóðinn af sölnni óskiptur til klúbbsins.

Ársskýrsla ÍSALP 1990

Stjórn

Stjórn ÍSALP 1990 skipuðu: Björn Vilhjálmsson formaður, Torfi Hjaltason varaformaður, Salbjörg Óskarsdóttir gjaldkeri, Páll Sveinsson ritari, Magnús V. Guðlaugsson, Haraldur Örn Ólafsson og Snævarr Guðmundsson. Stjórnin hélt ellefu fundi á árinu.

Skálarnir

Farið var með kol og gas upp í Tindfjallaskála. Skipt var um tvær rúður sem höfðu brotnað og var settur hleri fyrir austurgluggann. Einnig var merki klúbbsins sett utan á Tindfjallaskála og jafnframt voru unnin merki til að setja á Bratta og félagsheimilið. Reynt var að fara með gas og kol í Bratta en ekki tókst það vegna veðurs og færðar.

Ferðir

Auglýstar ferðir voru níttján, þar af tvær vinnuferðir, klettaklifurmót og klettaklifurkeppni. Þetta er mikil fjölgun á auglýstum ferðum miðað við fyrri ár en ekki var farið nema í átta ferðir og eina vinnuferð. Eru það færri ferðir en undanfarin ár.

Námskeið

Auglýst voru fimm námskeið en þrjú voru haldin: Vetrar-, fjallaskíða- og ísklifurnámskeið. Leiðbeinendur voru fimm og nemendur 27. Klettaklifur- og jöklnámskeið féllu niður vegna þátttökuleysis.

Félagsheimilið

Húsnæðið var notað eins og undanfarin ár. Opið hús var 47 miðvikudagskvöld og auglýst dagskrá allt árið, en þó rýrari um sumarið en veturinn eins og alltaf. Nokkuð var um fyrirlestra eða kennslufundi, alls fimm auglýstir. Alls voru 800 skráningar í gestabókina, þar af 680 á opnum húsum og eru þá ótaldir þeir sem mættu



Stjórn Ísalp 1991. Aftari röð: Guttormur Þórarinnsson, Torfi Hjaltason og Árni Gunnar Reynisson ritari. Fremri röð: Haraldur Örn Ólafsson gjaldkeri og Björn Vilhjálmsson formaður. Á myndina vantar Pál Sveinsson varaformann og Magnús V. Guðlaugsson. *Ljós m. Salbjörg Óskarsdóttir.*

á klifurkeppnina sem voru um sextíu manns. Ferða- og fundanefnd hélt tólf fundi, húsnefnd þrjá og ritnefnd þrettán. Á árshátíðina mættu um fjórtíu manns og einnig komu fjórtíu manns á jólaglögg. Einhver misbrestur er á skráningu í gestabók og má ætla að þessar tölur séu hærri.

Útgáfan

Sjötta ársritið náði ekki að koma út á árinu en kom út í byrjun janúar 1991, ritstjóri var Salbjörg Óskarsdóttir. Sú nýjung var tekin upp að innheimta félagsgjald með giróseðlum og voru 40% búnir að greiða fyrir árslok. Fjögur fréttabréf komu út á árinu og hefur nýja uppsetningin reynst vel, ritstjóri var Haraldur Örn Ólafsson.

Félagatal

Skráðir félagar voru 302. Á árinu voru 21 strikaðir út vegna vanskila. Spjaldskrárritari var Páll Sveinsson en nú hefur Salbjörg Óskarsdóttir tekið við félagatalinu.

Önnur mál

Klifurkeppni var haldin í fyrsta sinn á árinu. Voru smá byrjunarörðugleikar en allir voru sammála um að halda aðra að ári. Mjög góð mæting var bæði af keppendum og sérstaklega af áhorfendum. Þetta er nýjung sem komin er til að verða árlegur viðburður.

Erlendur fjallamaður, Jim Fotheringham, heimsótti klúbbinn í vor. Síndi hann myndir og fór á fjöll með klúbbfélögum.

Ársreikningur ÍSALP 1990

Gjöld

Ársritið 1990 útgáfukostn.	410.440
Fréttabréfið. Vinnsla	33.759
Fréttabréfið. Útsending	10.700
Póstburðargjöld	9.255
Ritföng og gíróseðlar	12.023
Áskrift tímarita	8.146
Myndbandskaup	4.000
Félagsheimilið	149.711
Rekstur Tindfjallaskála	14.887
Rekstur Bratta	15.161
Kol í skálana	7.500
Námskeiðin (18.076 - 4.300)	13.776
Skiltagerð	14.557
Kostnaður heimsóknar	13.195
Greidd skuld frá fyrra ári	102.625
Afskriftir	1.107
Annar kostnaður	4.990

Gjöld alls	825.831
Tekjur umfram gjöld	54.805

Samtals	880.636
---------	---------

Eignir

Ávísanareikn. 1371 L.Í.	310.911
Gíróreikningur	11.227
Kjörbók	216.068
Sjóður	10.000
Bratti	385.241
Litskyggnuvél	3.000
Sófar	4.000
Bókaskápar	5.990
Bókasafn	35.325

Samtals	981.763
---------	---------

Tekjur

Félagsgjöld 1988 * 2	3.000
Félagsgjöld 1989 * 202	356.078
Félagsgjöld 1990 * 125	270.600
Auglýsingatekjur ársrits 1988	16.000
Auglýsingatekjur ársrits 1989	152.000
Auglýsingatekjur Fréttabréfs	18.000
Seld eldri blöð	22.715
Seld merki	1.500
Gistigjöld - Bratti	3.900
Gistigjöld - Tindfjöll	4.500
Ágóði af skemmtanahaldi	6.400
Gjöf frá Rilliet í Sviss	5.500
Vaxtatekjur	20.443

Tekjur alls	880.636
-------------	---------

Samtals	880.636
---------	---------


Skuldir

Höfuðstóll 1/1 1990 = 506.221	
Tekjur umfram gjöld = 54.805	561.026
Ógreidd skuld v/ársrits	410.000
Ógreiddir reikningar	10.737

Samtals	981.763
---------	---------

*Reikning þennan hef ég endurskoðað og tel enga ástæðu til athugasemda.
Reykjavík, 6. febrúar 1991*


Einar Hrafnkell Haraldsson




Björn Baldursson í Vatnsdal. *Ljósm. Stefán S. Smáráson.*



Jón Geirsson í Presles. *Ljósm. Stefán S. Smáráson.*



Stefán í Rauðpunkti í Vatnsdal. *Ljósm. Páll Sveinsson.*



Snævarr Guðmundsson í Pálsleið (5.10) í Vatnsdal. *Ljósm. Árni Gunnar Reynisson.*



Á SKÍÐI SKELLI....

ORIGIN/SIA



SKÁTABÚÐIN
-SKARAR FRAMÚR

SNORRABRAUT 60 SÍMI 12045